

Heit og ljúffeng

PIZZA

HAMRABORG

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 19. október 2006 • 42. tbl. • 23. árg.

Simanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Fasteignir

Uppsveifla á Þingeyri

Mikil uppsveifla er í fasteignasölu á Þingeyri og hafa mörg gömul hús verið seld sem nú gangast undir lagfæringar. „Það er mikið að gerast á Þingeyri og mikið gleðiefni að gömul hús eins og Sigmundarhúsið og Ástralía hafa verið keypt og nú standa yfir lagfæringar á þeim. Ég hef sjaldan haft eins mikið að gera“, segir Sigmundur Þórðarson, húsa-smiður á Þingeyri.

Þá þess seldu Fasteignir Ísafjarðarbæjar fjögur raðhús og samkvæmt upplýsingum þeirra fengu færri hús en vildu. Þá er einnig að rísa ný reiohöll á vegum hestamannafélagsins Storms en bygging hennar gengur vel.

„Þetta er allt mjög jákvætt og það er tilhlökkunarefni að sjá hversu miklu hefur verið komið í verk og vonandi verður svo bara áframhald á því“.

Óhætt er að segja að gömlu húsinn sem nú er verið að lagfæra eigi eftir að verða mikil bæjarprýði enda eru þau áberandi í bæjarmyndinni en hafa verið í mikilli niðurníðslu.



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Framlegð frá rekstri neikvæð um 57 milljónir króna

Tekjur Ísafjarðarbæjar voru 1.674 milljónir á tímabilinu janúar til ágúst, en á árinu öllu eru tekjur áætlaðar 2.382 milljónir króna. Gjöld án reiknaðra liða voru 1.512 milljónir króna og eru áætluð 2.270 milljónir til ársloka. Þar af eru laun og launatengd

gjöld 705 milljónir króna, en eru áætlaðar 1.093 milljónir til ársloka. Önnur rekstrar-gjöld eru 778 milljónir króna, en eru áætlaðar 1.131 milljónir til ársloka.

Fjármagnskostnaður fyrstu átta mánuði ársins er 29 milljónir, en samkvæmt áætlun

verður hann 46 milljónir á árinu. Fjárfestingar námu 219 milljónum króna á tímabilinu og verða 271 m.kr. til ársloka gangi áætlun eftir. Framlegð til afborgana og eignabreytinga var 57 milljónir króna, en áætlað er að hún verði 159 milljónir króna á árinu öllu.

Framlegð frá rekstri á tímabilinu var þannig jákvæð um 162 milljónir kr. og neikvæð um 57 milljónir króna eftir fjárfestingar.

Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu Þóris Sveinssonar fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar.

– eirikur@bb.is

Vinstri Grænir mælast með ríflega tvöfalt meira fylgi en í síðustu kosningum

Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri hreyfingin Grænt framboð bæta verulega við sig fylgi í Norðvesturkjördæmi, miðað við útkomu alþingiskosninga árið 2003 annars vegar og útkomu úr þjóðar-

pólusi Gallups fyrir október hins vegar, en fylgi annarra flokka dregst saman. Sjálfstæðisflokkur fékk 29,6% í kjördæminu í síðustu kosningum en mælist nú með 34%. Öllu meiri er stuðningsaukun

ing við Vinstri hreyfinguna Grænt framboð, sem fékk 10,6% atkvæða í síðustu kosningum en mælist með 23% fylgi nú, sem er ríflega tvöföldun á fylgi.

Frjálslyndi flokkurinn, sem

fékk 14,2% atkvæða í síðustu kosningum, mælist með 9%. Samfylkingin fékk 23,2% atkvæða síðast en mælist nú með 18%. Framsóknarflokkurinn fékk 21,7% atkvæða í síðustu kosningum, en fengi

nú 16%. Stuðningur við ríkisstjórnina er nú 52% á landsvísi. Liðlega fimmtungur svarenda tók ekki afstöðu eða neitaði að gefa hana upp og tæplega 5% sögðust myndu skila auðu. – eirikur@bb.is

„ÁHYGGJULAUS“

ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Kongaráttum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800

Samkaup úrval

OPIÐ:

virka daga
kl. 09 - 21

laugard. 10-21

sunnud.
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460



Júlíus með tæplega 100 milljón króna aflaverðmæti

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson kom til hafnar á Ísafirði á sunnudagskvöld og stóð yfir löndun úr skipinu allan mánudaginn. Að sögn Sverris Péturssonar, útgerðarstjóra hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf., sem gerir skipið út, er talið að aflaverðmæti landaðs afla í þetta skiptið sé upp á tæpar 100 milljónir. Landað var um 300 tonnum af afurðum, en lang stærstur hluti aflans var þorskur. Júlíus Geirmundsson er kvótahæsta skip Vestfjarða með rúmlega 6 þúsund þorskígildistonna úthlutun. Júlíus er í sjötta sæti á lista yfir þá frystitogara sem skiluðu mestu aflaverðmæti á land á síðasta ári, og hefur hækkað um fimm sæti frá árinu 2004. Afli af Júlíusi nam 5.016 tonnum að verðmæti 713 m.kr. á síðasta ári, á móti 4.499 tonnum og 666 m.kr. árið 2004. Enginn annar vestfirskur frystitogari kemst á lista þeirra 30 efstu.

– eirikur@bb.is

Sparisjóður Vestfirðinga flytur í nýtt húsnæði eftir áramót

Sparisjóður Vestfirðinga í nýbyggingu í Hafnarstræti á Ísafirði eftir áramót. Áætlað var að Sparisjóðurinn myndi flytja í haust en flutningnum hefur verið frestað. „Það er orðið ljóst að við náum ekki að flytja fyrr en eftir áramót. Bæði hefur afhending hússins og afgreiðsla innréttinga dregist. Við gerum samt ráð fyrir

að geta flutt inn fljótlega eftir áramót“, segir Eiríkur Finnur Greipsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri.

Sundatangi félag í eigu Ágústis Gíslasonar og Flosa Kristjánssonar, keyptu nýstu hæðina og leigja stærstan hluta hennar til Sparisjóðs Vestfirðinga. Þrenn hjón stóðu í upphafi að byggingu hússins,

en byggingafyrirtækið tók síðar alfarið við verkinu. Fyrirnefnd hjón keyptu þrjár af fjórum íbúðum hússins af Ágústi og Flosa og síðustu íbúðina keyptu Kristján Jóhannsson og Inga Ólafsdóttir.

Sparisjóður Vestfirðinga hét í upphafi Sparisjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu og var stofnaður 14. mars 1896. Árið

1940 var nafni sjóðsins breytt í Sparisjóð Þingeyrarhrepps og þann 28. apríl 2001 varð svo Sparisjóður Vestfirðinga til við sameiningu fjögurra sparisjóða, þ.e. Sparisjóðs Súðavíkinga, Sparisjóðs Öndarfjarðar, Sparisjóðs Þingeyrarhrepps og Eyrasparisjóðs.

– thelma@bb.is

Gert ráð fyrir að MS kaupi Mjólkursamlag Ísfirðinga

Gert er ráð fyrir því að Mjólkursamsalan kaupieignir og rekstur Mjólkursamlags Ísfirðinga, yfirtaki skuldir þess og endurskipuleggi rekstur MÍ í kjölfarið, að því er segir í tilkynningu. Til stendur að stofna rekstrarfélag í mjólkuriðnaði um næstu áramót með þátttöku MS, Norðurmjólkur og Ostas-

og smjörsölunnar og flutningi allrar mjólkurvinnslu frá Reykjavík.

Rekstrarfélagið á að heita Mjólkursamsalan og mun sjá um alla móttöku, framleiðslu, pökkun, markaðssetningu og sölu- og dreifingu mjólkurafurða fyrir MS, Norðurmjólk og Ostas- og Smjörsöluna. Mjólkursamlag Ísfirðinga var

stofnað formlega 14. maí 1964, en hafði þá starfað á vegum Kaupfélags Ísfirðinga frá árinu 1937. Í samtali við fréttavef RÚV sagði Guðbrandur Sigurðsson að störfum gæti átt eftir að fækka, og ljóst eigi að vera um áramót hvernig þeim málum verður háttað.

– eirikur@bb.is

Samþykkja lögheimilisflutning í sumarþustað

Eins og greint hefur verið frá fluttu tveir íbúar á Ísafirði nýlega lögheimili sitt innan Ísafjarðarbæjar, frá Ísafirði til Dýrafjarðar, en við nánari athugun kom í ljós að hífylin í Dýrafirði teljast samkvæmt fasteignamati sumarþustað. Samþykki sveitarstjórn þarf fyrir skráningu lögheimilis í

sumarþustað, og óskaði bæjarráð eftir umsögn bæjarlögmanns í málinu. Í umsögn bæjarlögmanns kemur fram að Ísafjarðarbær er ekki heimilt að synja framkominni beiðni um skráningu lögheimilis í sumarþustað.

„Á hinn bóginn verður að telja að einungis sé skylt að

samþykkja skráningu lögheimilis á slíkum stað, að viðkomandi aðilar hafi þar í raun aðsetur sitt í skilningi laga um lögheimili“, segir í fundargerð. Bæjarráð samþykkti lögheimilisflutninginn og fól bæjarstjórn að tilkynna hann til Þjóðskrár.

– eirikur@bb.is

Kambur kaupir Egil Halldórsson

Fiskvinnslan Kambur ehf. á Flateyri hefur keypt dragnóta- og netabátinn Egil Halldórsson SH, að því er fram kemur á fréttavefnunum skip.is. Hinrik Kristjánsson hjá Kambi segir í samtali við Fiskifrætti að búið sé að samþykkja og skrifa undir kauptilboðið og að báturinn verði formlega afhentur í þessari viku, en kaupverð fékkst ekki gefið upp. Segir Hinrik það þó hafa verið eðlilegt gangverð.

„Skipið var keypt með veiðiheildum og því fylgdu

rúm 277 þorskígildistonn en þar af eru tæp 227 tonn þorskur. Fyrsta hugmynd hjá mér er að gera skipið út en það gæti vel farið svo að ég seldi það aftur án kvóta ef gott verð fæst fyrir það,” er haft eftir Hinrik á skip.is.

Egill hét áður Ársæll, Farsæll og Langanes, og var smíðaður árið 1976 á Seyðisfirði. Skipið var tekið í gagnagerar endurbætur í fyrra þar sem skipt var um brú skipsins og sett upp ný tæki, byggt yfir millidekkið og báturinn allur sandblásinn.

– eirikur@bb.is

Þorskaflí í september eykst á milli ára

Alls var 2.164 tonnum af þorski landað á Vestfjörðum í september, sem er litlu meira en á sama tíma fyrir ári þegar 2.135 tonn komu á land. Er þetta aukning um 1,4% á milli ára. 2,8% samdráttur varð í löndun ýsu á milli ára, en 1.142 tonnum var landað í september í fyrra á miðað við 1.111 tonn í ár. Þá varð sömuleiðis nokkur samdráttur í löndun á ufsa, en 343 tonnum var landað í ár á miðað við 372

tonn í fyrra. Þetta er samdráttur upp á 7,8%.

Af karfa var 48 tonnum landað í ár á miðað við einungis 19 í fyrra. Steinbítaveiðar jukust líka hlutfallslega mikið, en 259 tonnum var landað í september í ár á miðað við 135 tonn í fyrra, en það er 92% aukning. Engin rækja kom á land í september í ár, en í fyrra var 65 tonnum landað á Vestfjörðum í september.

– eirikur@bb.is

Leið ehf. óskar eftir liðsinni við rekstur félagsins

Leið ehf. hefur óskað eftir liðsinni sveitarfélaga við utanvert Ísafjarðardjúp, auk fáeinna félaga og fyrirtækja, vegna starfsemi félagsins, en þess er skemmt að minnast að félagið lét gera skýrslu á dögunum um hagkvæmni af þremur jarðgangamöguleikum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Í bréfi sem for-

maður stjórnar Leiðar ehf. hefur sent frá sér segir m.a.:

„Auk afskipta undirritaðs til að fá samþykktan raunhæfan ökuhraða á leiðinni milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og Leiðar ehf. af fullnægjandi GSM-sambandi á leiðinni milli staðanna á sínum tíma má nefna að félagið greiddi kostnað við umferðarkönnun,

sem fram fór í maí 2004, þar sem ferðir allra ökutækja sem fóru um veginn tiltekinn dag voru skráðar og viðhorf ökumanna til ýmissa atriða og upplýsingar um ferðir þeirra könnuð, en sú könnun hefur reynst gagnleg við frekari rannsóknir. Þá vann Veðurstofa Íslands að tilhlutan Leiðar ehf. ítarlega skýrslu sem

nefndist „Mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ og kom hún út í janúar sl.“

Þá kemur fram að talsverður kostnaður hefur hlotist af starfi Leiðar ehf., eins og gefur að skilja, en þess sé þó vænst að starf félagsins skili sér til samfélagsins á norðanverðum

Vestfjörðum í formi meiri og traustari upplýsinga. Kemur einnig fram að áður nefnd skýrsla um hagkvæmni jarðgangnakosta hafi ein og sér kostað 1,2 milljónir. Leið ehf. ereinkahlutafélag sem stofnað var í desember 2001. Félaginu er ætlað að beita sér fyrir frampróun í samgöngum á landi með því m.a. að annast fjár-

mögnun og eftir atvikum gerð og rekstur vega og annarra samgöngumannvirkja (einkafjármögnun).

Erindið hefur verið tekið fyrir í bæjarstjórnum Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti að styrkja félagið, og gerð áður nefndrar skýrslu, um 200 þúsund. – eirikur@bb.is



Námskeið á Ísafirði

**Námskeið verður haldið
á Ísafirði fimmtudaginn**

26. október kl. 17-21

í Menntaskólanum á Ísafirði.

Skráning fer fram hjá Sjóvá

í síma 440 2430 eða á

neðantöldum vefsíðum:

www.sjova.is

www.forvarnahusid.is

www.us.is

Námskeiðið er frítt!

Það liggur í augum uppi!

Sjóvá Forvarnahúsið og Umferðastofa bjóða ungum öllumönnum á skemmtilegt umferðanámskeið. Námskeiðið er góð viðbót við hefðbundin ökunám þar sem m.a., er farið yfir helstu slysaáfgifur í umferðinni og bent á leiðir til að forðast þær.

Nánari upplýsingar á forvarnahusid.is.

Þetta er námskeið sem borgar sig.

Stofa
FORVARNAHÚSÍÐ


UMFERÐARSTOFA

1.959 kr/kg	Svinakundur úr kjötbörð
498 kr/kg	Hringakorn svínabúgur úr kjötbörð
1.119 kr/kg	Svinagúlla úr kjötbörð
1.189 kr/kg	Svínasnitur úr kjötbörð
1.119 kr/kg	Orðinaður svínabúkur úr kjötbörð

Fjöldi annarra gírnilegra tilboða sem gilda 19. okt. - 22. okt.



30%

Hægtarlamb mi
sólþurkaðum
tjórðum og
brensl



30%

[Back to top](#)



Don'ts Cool
American og
Nachos Cheese
200 gr.



For more information, visit healthcare.utah.gov



Copyright Clearance Center



Colony formation



Page 17 of 21



Super Mario Bros. 2



339 *Worm*
Worm *Worm* *Worm*
Worm *Worm* *Worm*
Worm *Worm* *Worm*

Samkaup **úrval**

Atlantsskip kanna arðsemi strand-siglinga til Ísafjarðar og fleiri staða

Atlantsskip eru að kanna möguleika á því að hefja strandsiglingar frá Reykjavík og þá meðal annars til Ísafjarðar og Akureyrar. Þetta kom fram á fundi með fulltrúum skipafélaga, Samtökum verslunar og þjónustu og Vegagerðarinnar sem haldinn var í samgönguráðuneytinu í síðustu viku. Þegar hefur verið gengið frá helstu atriðum við samstarfsaðila á Akureyri, um strandsiglingar þangað, og nú er verið að kanna fleiri viðkomustaði. Gunnar Bachman, framkvæmdastjóri Atlantsskipa sagði hugmyndina að sigla vikulega og ekki væri ætlunin í bili að siglingarnar myndu ná umhverfis landið. Forsendur þess að unnt sé að fara af stað sagði hann vera að ná samningum um flutninga á 2.600 gámum á ári. Flutningaskipið Geysir, sem nú er Ameríkusiglingum, lýkur verkefnum sínum í janúar á næsta ári og sagði Gunnar mögulegt að hefja strandsiglingarnar upp úr því ef allt gengi upp. Á fundinum var rætt vítt og breitt um flutningaleiðir og



ítrekuðu fulltrúar Eimskips og Samskips orð sín frá fyrri fundi að erfitt gæti reynst að fá viðskiptavinum til að nýta sér strandsiglingar á ný. Krafa markaðarins væri sífellt meiri tíðni og nú væri unnt að dreifa vörum til allra helstu þéttbýlisstaða landsins um landflutninganet fyrirtækjanna fimm daga vikunnar. Þeir sem láti flytja dagvöru óski eftir daglegri þjónustu og því verði slík vara helst flutt á vegum.

Ítrekuðu þeir líka að tæknilega væri ekkert því til fyrirstöðu að taka upp strandsiglingar á ný ef forsendurnar breyttust. Fram kom í máli fulltrúa Vegagerðarinnar að uppbygging þjóðvegakerfisins í dag yrði að miðast við 7,5 til 8,5 metra breiða vegi til að standast kröfur um öryggi og afköst og burðarþol væri miðað við 11,5 tonna öxulþunga. Eldri vegir landsins hefðu verið byggðir eftir öðrum stöðlum

og væri smám saman verið að endurnýja þá og styrkja. Þá kom fram í máli talsmanna flutningafyrirtækjanna að brýnt væri að auka vetrarþjónustu á vegum, ekki síst á Austurlandi, á Norður- og Austurlandi þyrfti að ráðast í breikkun og styrkingu helstu vega, fjölga þyrfti klifurreinum til að greiða fyrir umferð og rýmka þyrfti hæðartakmörkin sem í dag eru 4,20 metrar. – eirukur@bb.is



Horft inn með Eyrarhlíðinni til Ísafjarðar.

Vilja göngustíg á milli Hnífsdals og Ísafjarðar

Íbúasamtökin í Hnífsdal hafa farið þess á leit við bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ að gert verði ráð fyrir framkvæmdum við göngustíg á milli Ísafjarðar og Hnífsdals við vinnslu fjárhagsáætlunar ársins 2007. Í bréfi samtakanna til bæjarstjórnar kemur fram að Hnífsdalur sé það hverfi þar sem hlutfall íbúa á grunn- og leikskólaaldri sé hæst, eða í kringum 33% íbúa. Næst hæst mun þetta hlutfall

vera í Holtahverfi eða í kringum 28%. Segir að þrátt fyrir þetta sé eina leiðin fyrir börn og unglinga í Hnífsdal til að komast í íþrótt- eða félagsstarf inni á Ísafirði að fara eftir vegi þar sem hámarks hraði er 80 km/klst en „raunhraði mun meiri“, að því er segir í bréfinu. „Í dag er það almenn skoðun að mikill skortur sé á nægri hreyfingu barna og unglinga en við núverandi aðstæður má

með sanni segja að það sé stórhættulegt fyrir börn að fara hjólandi á milli Hnífsdals og Ísafjarðar“. Þá kemur fram að Hnífsdalur sé eina hverfi bæjarins þar sem ekki er göngu- eða hjólréiðastígur að sundlaug eða öðrum íþróttamannvirkjum og félagsaðstöðu. „Þar með má t.d. segja að þótt börn í Ísafjarðarbæ megi fara ein í sund þegar átta aldrir er náð þá geri bæjaryfirvöld ekki ráð

fyrir þeirri hollu hreyfingu fyrir börn í Hnífsdal nema for- eldrar aki börnum sínum á áfangastað eða greiði fyrir þau í almenningssvagna en ferðir þeirra eru mjög gloppóttar yfir daginn.“ Vísar bréfitari að auki til þess að í málefna- samningi meirihluta bæjarstjórnar kemur fram að leita eigi samstarfs við Vegagerðina um gerð göngustígs út í Hnífsdal. – eirukur@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Bólusetning gegn in-flúensu haustið 2006

Nú er hafin bólusetning á heilsugæslustöðvunum í Ísafjarðarbæ og í Súðavík. Allir eldri en 60 ára ásamt börnum og fullorðnum sem hafa langvinna eða illkynja sjúkdóma eru hvattir til að láta bólusetja sig. Hægt er að mæta í bólusetninguna á Ísafirði milli kl. 14:00 og 15:30 alla virka daga. Bólusetningin kostar kr. 600 auk komugjalds.



ATVINNA

Sundhöllin við Austurveg á Ísafirði óskar eftir konu í fullt starf. Um tíma- bundna ráðningu er að ræða með möguleika á framtíðar ráðningu. Vinnu- tími er samkvæmt vaktaskipulagi. Skilyrði eru að umsækjendur séu vel á sig komnir líkamlega, standist sund- próf, hafi ríka þjónustulund og eigi gott með að vinna með fólki. Upplýsingar gefur forstöðumaður í síma 456 3200.

Atvinna

Bílstjóra vantar á sorpbíl hjá Gámapjónustu Vestfjarða. Góður vinnutími fyrir röskan mann. Upplýsingar gefur Ragnar í síma 892 0660 eða 456 3710. Gámapjónusta Vestfjarða ehf.



Samþýlingarnir og samstarfsfólkið Dorota Kedzierszawska og Arthur Reinhart.

„Sjáumst kannski á næsta ári“

—Á dögunum var Íslandsfrumsýning á Pólsku verðlaunakvikmyndinni Jestem, eða „Ég er“ í Ísafjarðarbíói á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð. Á hana mættu heiðursgestirnir og hjónaleysin Dorota Kedzierszawska leikstjóri myndarinnar og kvikmyndagerðarmaðurinn Arthur Reinhart maður hennar. Dorota Kedzierszawska lauk námi við Pólska

kvikmyndaskólann í Lodz í Póllandi árið 1981. Hún varð fyrst þekkt fyrir nemendaverkefni sitt, „The Egg“ sem varð til þess að hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna stúdenta árið 1983 í Los Angeles. Kvikmyndir hennar eru ekki gerðar með gróðasjónarmið í huga, heldur frekar til þess að leyfa listinni að njóta sín og snerta þær oft við-

kvæma og sársaukafulla strengi í áhorfendum. Dorota tjáir áhorfandanum ekki boðskap mynda sinna í sérstaklega mörgum orðum, heldur kys hún að gera það gegnum myndatökurnar, eða þá „myndramma“ sem hún velur í náinni samvinnu við kvikmynda-tökumanninn Arthur Reinhart, en hann hefur unnið með Dorotu í hennar frægustu

verkum, svo sem Jestem, Wrony, og Nic. Blaðamaður Bæjarins besta hitti hjónaleysin á frumsýningardegnum sjálfum, föstudaginn 29. september.

—Velkomin til Ísafjarðar, eruð þið búin að vera lengi?

A: „Við komum í gær svo það hefur ekki verið dagurinn enn sem komið er.“

Hversu langt er þá síðan

þið komuð til Íslands?

A: „Ekki heill sólarhringur“

— Já, ég skil þannig að þið eruð ekki búin að dvelja á landinu í það heila nema tæpan sólarhring. Það er þá aðeins of snemmt að spyrja ykkur uppáhalds spurninguna okkar hér á Fróni „How do you like Iceland?“

„Já okkur finnst það ferlega flott eftir að hafa séð það úr

flugvélinni“ segir Athur og hlær.

— Þið eruð samþýlingar og síðan vinnið þið saman líka?

D: „Já, Jestem er þriðja myndin sem við vinnum saman og jafnhliða henni skutum við aðra mynd sem heitir „It's time to die“. Hinar myndirnar heita á ensku „Crows“ og „Nothing“. Í „It's time to die“ leikur kona sem er níutíu og

RITSTJÓRNARGREIN

Er einn fjörður verðmætur?

Svo spurði Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður og formaður Frjálslyndaflokksins í grein á bb.is nýverið þar sem hann annars vegar fjallaði um vægi innfjarða sem uppeldissvæða fyrir seiði nytjastofna og skort á rannsóknum í þeim efnum og hins vegar um þverun fjarða í tengslum við vegagerð. Guðjón bendir á að á meðan rækjuveiðar voru stundaðar í Ísafjarðardjúpi, hafi veiðarnar marg sinnis verið stöðvaðar tímabundið vegna gífurlegs magns þors- og ýsuseiða á veiðislóðum rækjubáta. Hann segir „vitað að firðir og flóar frá Breiðafirði í vestri og allt til suðurfjarða Austfjarða skipta miklu um vöxt nytjastofnana. Hversu miklu einn fjörður eins og t.d. Mjóifjörður í Djúpi skiptir fyrir vöxt og viðhald þorsstofnsins á komandi árum er ekki vitað. Þann fjörður á nú að þvera án þess að tryggja strauma í þeim firði óbreytta, eða sem næst því.“ Guðjón segir sér vitanlega hvergi liggja fyrir langtímarannsóknir á hvað hver og einn af innfjörðum hinna ýmsu landssvæða gefi af sér til viðhalds nytjastofnum; firðirnir í vestanverðu Djúpinu séu um margt líkir, lega þeirra svo til öll eins til suðvesturs og uppvaðandi seiði hafi fundist í þeim öllum áratugum saman.

Við gætum því, segir Guðjón, „verið að vinna framtíðinni skaða með því að breyta straumum í Mjóafirði með þverun í Norðursundinu án brúar eða stórra ræsa sem viðhalda sjávarstraumi inn og útúr firðinum.“ Og hann heldur áfram: „Þverunin gæti hins vegar gefið okkur einstakt tækifæri til rannsókna á því hvað fer inn og útúr slíkum firði og hvenær, ef vel

væri að verki staðið. Hafró á Ísafirði og Háskóli Vestfjarða ásamt sveitarfélögum eiga að sjá rannsóknarmöguleikana í þessu einstæða tækifæri að geta tekið upp, með auðveldum hætti, vöktun á því hvað fer inn og útúr einum af innfjörðum Ísafjarðardjúps.“

Óumdeilt er að bætтар samgöngur, styttri vegalengdir, heilsársvegir og aukið öryggi með þverun fjarða og jarðgöngum, eru grundvöllur bættrar stöðu landsbyggðarinnar. Þótt ekki verði bæði haldið og sleppt verður við allar slíkar framkvæmdir að komast hjá röskun lífríkisins, sem frekast er kostur. Sinnuleysi í dag kann að hafa alvarlegar afleiðingar á morgun. Því þótti BB rétt að vekja athygli á grein GAK, sem kveðst hafa kynnt viðhorf sín og ábendingar fyrir samgönguráðherra, Vegagerðinni og Hafró en þar sé enga framtíðarsýn að finna í þessum málum. Hann hefur líka tekið málið upp á Alþingi og á þingum Fjórðungssambands Vestfjarða. Með grein sinni hafi hann sett málið fram til að vekja almenna umræðu.

BB spyr: Finnst samgönguráðherra, Hafró og Vegagerðinni nóg að hafa allt sitt á þurru þegar veglína er dregin yfir firði á landakortinu? Hvert er álit sveitarstjórna á norðanverðum Vestfjörðum? Skipta eitt til tvö ræsi höfuðmáli við gerð vegarins yfir Mjóafjörð? Varla ef þau skipta sköpum fyrir lífríki sjávar í firðinum!

s.h.

eins árs og er mjög þekkt í Póllandi, en hún lék í fyrstu pólsku myndinni sem gerð var eftir stríð, það var góð reynsla fyrir okkur að vinna með henni.“

– Myndin hefur unnið til verðlauna á kvikmyndahátíðum, er það ekki rétt?

A: „Jú“. Síðan er spurningunni eytt af einskæru lítillæti. Til fróðleiks má geta að þau verðlaun sem myndin hefur hlotið eru til dæmis: Besta myndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín. Auk þess sem Arthur hefur hlotið þrenn stór verðlaun fyrir kvikmyndatöku. Hljóð og titillag hafa einnig verið verðlaunuð.

D: „Við höfum aldrei sýnt myndina svona langt í norðri svo við erum mjög spennt að sjá hvernig hún leggst í fólk hér. Við vitum að hér búa margir pólverjar og vitum svona nokkurn vegin skynjun þeirra á myndinni, við erum meira forvitin um að heyra hvernig myndin leggst í heima-fólk og hvernig þeir tengja við söguna.“

Hvað fjallar sagan um?
A: „Sagan fjallar um ferðalag ungs, sterks drengs sem er að velta því fyrir sér hvernig heimurinn er, hann er að skoða í kringum sig og verða undrandi á umhverfi sínu.“

D: „Nákvæmar, þá er hann á flótta frá munaðarleysingahæli í leit að móður sinni. Myndin er um það sem verður á vegi hans á meðan að á leitinni stendur.“

A: „Inn í þetta fléttast síðan ástarsaga.“

D: „Sagan er byggð á raunverulegum atburðum, þar sem fimmtán ára drengur flúði af munaðarleysingjahæli og býr í hálft ár í húsi sem hann byggði sjálfur og síðan fundu þeir hann eftir þetta hálf ári.“

A: „Drengurinn er reyndar yngri í myndinni eða tólf ára.“
– Vinnið þið að mestu leyti saman?

A: „Já, Dorta, vil vinna með mér en ég er þannig að ég vinn með hverjum sem er, hvað sem mig langar að gera hverju sinni. Hvort sem verkefnin er lítil eða stór, Hollywood eða hvað annað.“

Dorta, gerir þú sjálf handritin að myndunum þínum?

D: „Já, alltaf“
– Ertu að vinna með sérstakt þema eða einhverja sýn sem þú vilt láta koma fram?

D: „Myndirnar eru allar byggðar á einhverjum sögum sem ég hef heyrt, þannig að allar sögurnar eiga rætur raunveruleikanum. Handritin sjálf eru ekki eins og hvað annað Hollywood handrit heldur eru þau öll meira í áttina að bókum, eða einskonar blanda af bók og handriti.“

A: „Ég myndi flokka handritin sem bókmenntir.“

D: „Þetta er það sem gerir skrifin svo skemmtileg, mun meira skapandi.“

A: „Í hvert sinn sem framleiðendur lesa handritin þá fá um við að heyra, þetta er ekki handrit“ það er ein aðal ástæða þess að við framleiðum myndirnar okkar sjálf. Það er bara

miklu auðveldara, heldur en að þurfa alltaf að vera að útskýra af hverju handritið er svona. Við erum þá með sköpunarfrelsi og þurfum ekki að útskýra neitt fyrir neinum.“

Varsjá arkitekt-úrísk óreiða

– Þið komið bæði frá Póllandi?

D og A: „Já“
– Hvar voruð þið svo við nám?

A: „Reyndar þá lærðum við bæði í Póllandi, nema að Dorta fór eitt ár til Rússlands. Ég var að hugsa um að fara sjálfur eitthvað úr landi að læra og þá sagði fólk við mig að það væri bara algjör heim-ska því þarna væri ég komin inn í besta skólann sem völ var á, það væri bara glórulaust að ætla eitthvað annað.“

–Búið þið þar enn?
A: „Já, við búum í Varsjá, það er í raun enginn annar staður fyrir okkur að búa þar í landi sem kvikmyndagerðarmenn, þar sem að Varsjá er kvikmyndagerðarborgin.“

–Ég var einmitt að horfa á í sjónvarpinu efni frá Varsjá og hafði á orði hvað mér þætti borgin falleg.

A: „Okkur líkar hún ekkert sérstaklega, hún er algjör arkitektúrísk óreiða.“

D: „Já, gamli bærinn hefur verið gerður upp að mestu eins og hann var, svo að hann er svo sem fallegur, en hann er samt svolítið „feik.““

A: „Við erum líka komið með fullt af úthverfum með verslunarmiðstöðvum og kvikmyndahúsum, þannig að borgin er orðin svona eins og hver önnur evrópsk stórborg, þar sem þú getur varla sagt til um það hvort þú ert í Varsjá eða einhverri annarri borg. Þannig að hún er orðin voða alþjóðleg.“

–Hvað ætlið þið að dvelja lengi á Íslandi?

A: „Á morgun (laugardag 30. september) höldum við til Reykjavíkur, en þá verður myndin okkar sýnd þar. Svo Ísfirðingar voru fyrstir til að sjá myndina á Íslandi. Á mánudaginn eigum við svo frídag og þann dag ætlum við að nota til að skoða okkur eitthvað um.“

–Heimsækja Bláa lónið?
A: „Það er nú svo sem það sem allir hafa verið að segja okkur að gera.“

D: „Vinur okkar var hér á landi á ferðalagi í meira en mánuð í fyrra. Það sem hann sagði okkur að við yrðum gera hefðum við tímann, væri að heimsækja svörtu eyðimörkina.“

– Það er ekkert alltof langt frá borginni.

A: „Það er kannski þá það sem við gerum þá í staðinn fyrir Bláa lónið.“

–Þið finnið eflaust fullt af flottum tókustöðum þar.

D: „Líkurnar á að við gætum tekið upp mynd hér á landi eru afskaplega litlar. Þar sem það þýrfti að flytja allt yfir hafið og fjármunir til kvikmyndagerðar í Póllandi eru



Verið er að lagfæra gangstéttina fyrir framan nýju verslun Þrists.

Ný verslun Þrists opnar 3. nóvember

Stefnt er að því að opna nýja verslun Þrists ehf., við Hafnarstræti á Ísafirði 3. nóvember nk. „Þetta er allt á áætlun. Það er búið að innrétta allt að innan og verið er að gera klárt fyrir málningu. Þetta er allt að fara á lokasnúning“, segir Óli Reynir Ingimarsson, eigandi Þrists. Verslunin verður til húsa þar sem eitt sinn var hinn fornfægi skemmtistaður Ísfirðinga, Sjallinn.

Verslun Þrists hefur verið til húsa í Silfurgötu í gamla Straumshúsinu, en það hús verður rífið í tengslum við framkvæmdir við Grunnskólann á Ísafirði. Miklar breytingar eiga sér stað á gamla Sjallahúsnæðinu, inngangur verslunarinnar verður frá Hafnarstræti og verður framhlið hússins breytt í samræmi við það.

Þess má geta að vélsmiðjan Þristur átti 20 ára afmæli fyrir

á árinu, en vélsmiðjan var stofnuð sem hlutafélag 1. mars 1986 af hjónunum Óla Reyni Ingimarssyni og Bjarneyju Guðmundsdóttur ásamt Hraðfrystihúsinu Nordurtanga hf. og Íshúsfélagi Ísfirðinga. Óli og Bjarney eignuðust allt fyrirtækið 1999 og breyttu því þá í einkahlutafélag. Fyrirtækið byggðist upp á þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og útgærd á Ísafirði og nágrenni.

Í fyrstu snerist reksturinn

um nýsmíði úr ryðfríu stáli, viðgerðir og aðra málsmíði fyrir byggingarverktaka og einkaaðila. Vélsmiðjan var stækkuð 1994 og verkfæraverslun undir sama þaki. Aftur stækkaði fyrirtækið í ágúst 2004 en þá var opnuð verslun að Silfurgötu 5 á Ísafirði, sem nú flyst í Hafnarstræti. Þristur verður áfram með verslun í húsnæði vélsmiðju sinnar.

„Boltinn hjá bæjaryfirvöldum“

Enn hefur ekki verið tekið ákvörðun um byggingu nýrrar sundlaugar og líkamsræktarstöðvar á Ísafirði. „Hópurinn sem hefur verið að vinna að þessu er kominn með allt klárt og er tilbúinn í að halda áfram, bæði hvað varðar uppkaup hjá Stúdíó Dan og áframhaldið. Boltinn er hjá bæjaryfirvöldum og við erum bara að bíða eftir að fá svör“, segir Ólafur Halldórsson, meðlimur í undirbúningsfélagi að byggingu sundhallar- og líkamsræktarstöðvar.

„Við vonumst að sjálf-sögðu til að fá jákvætt svar til þess að geta haldið áfram með þessa uppbyggingu sem teljum nauðsynlega.“ Unnið hefur verið að hugmyndum um byggingu miðstöðvarinnar allt árið og er óhætt að segja að Ísfirðingar og nærsveitarmenn hafi sýnt málinu mikinn áhuga.

„Viðbrögðin hafa verið ótrúleg, og ég get ekki betur séð að bæjarbúar séu heitir í að hafa allt undir sama þaki og á sama stað“, segir Ólafur. Aðspurður hvenær hægt verði að hefjast handa við byggingu miðstöðvarinnar segir Ólafur að það sé undir bænum komið en vonir standa til að það verði

sem fyrst. Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að málið sé í skoðun. „Það er verið að skoða málið fyrir okkur en niðurstaða úr þeirri úttekt liggur ekki fyrir. Þetta er auðvitað risastórt mál í framkvæmd og þess vegna verður að undirbúa það mjög vel.“ Ef marka má það sem stendur í málefnasamningi meirihlutans er mikill vilji hjá bæjaryfirvöldum að farið verði í verkið en þar segir: „Unnið verði að þátttöku Ísafjarðarbæjar í verkefni um byggingu íþróttamiðstöðvar með sundlaug á Ísafirði.

Þátttaka bæjarins verði í formi leigu á sundlaugar-mannvirkjum en aðrir hlutar mannvirkisins í einkarekstri. Miðað er við að leigu- og rekstrarkostnaður standist þær forsendur að núverandi rekstrarkostnaður við Sundhöllina á Ísafirði að viðbættum auknum tekjum vel.“ Ef marka má það sem stendur í málefnasamningi meirihlutans er mikill vilji hjá bæjaryfirvöldum að farið verði í verkið en þar segir: „Unnið verði að þátttöku Ísafjarðarbæjar í verkefni um byggingu íþróttamiðstöðvar með sundlaug á Ísafirði.

ekki miklir.“

A: „Það eru ekki miklir peningar í þessum bransa nema þá í Hollywood, já og Bollywood.“

–Hvenær er svo von á að „It’s Time to die“ verði frumsýnd?

D: „Bara á næsta ári einhvern tímann.“

A: „Svo við sjáumst kannski á næsta ári.“

Vel fór á með kvikmynda-gerðarfólkinu og aðstandendum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar á Ísafirði.



Tveir þriðju nemenda Grunnskólans á Önundarfirði af erlendu bergi brotnir

Alls eru 643 grunnskólanemendur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Þar af eru langflestir í Grunnskólanum á Ísafirði eða alls 500 nemendur. Næst flestir stunda nám við Grunnskólann á Þingeyri eða alls 64 nemendur. Þar á eftir er Grunnskólinn á Suðureyri með 41 nemanda, og restina rekur Grunnskóli Önundarfjarðar með 38 nemendur. 8,4% nemenda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar teljast til nýbúa, eða alls 54. Þar af er hlutfallið langhæst í Grunnskóla Önundarfjarðar þar sem 66% nemenda eru af erlendu bergi brotnir, eða 25 talsins. Þar af eru foreldrar 13 nemenda báðir erlendir, en 12 nemendur eiga eitt erlent foreldri.

Í Grunnskólanum á Suðureyri eru 8 nemendur af erlendu bergi brotnir, eða 19,5% af heildar nemendafjölda. Þar af eru fjórir sem eiga eitt erlent foreldri og fjórir sem eiga tvö erlend foreldri. Í Grunnskólanum á Þingeyri eru 3 af 64 nemendum af erlendu bergi brotnir, eða 4,6%, en í Grunnskólanum á Ísafirði eru 18 nemendur af 500 af erlendu bergi brotnir, eða 3,6%. Jöfnunarsjóður veitir styrki til sveitarfélaga vegna íslenskukennslu. Ekki er sótt um framlag til jöfnunarsjóðs fyrir alla nemendurna 54 þar sem hluti þeirra þarf ekki lengur á sérstakri íslenskukennslu að halda.



Flateyri.

Ísafjarðarbær: Tekið undir með Bolvíkingum í ratsjárstöðvarmálinu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur tekið undir með bæjarráði Bolungarvíkur sem lýsti á dögunum yfir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun Ratsjárstofnunar að segja upp

starfsfólki ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli og flytja hluta starfa þess til höfuðborgarsvæðisins. Þá skorar bæjarráð Ísafjarðarbæjar á ríkisstjórnina að vinna að uppbyggingu

atvinnutækifæra á svæðinu í nánú samráði og samstarfi við heimamenn í samræmi við bygðaaáætlun.

„Það er ekki í samræmi við bygðaaáætlun, að fækka störf-

um á landsbyggðinni og fjölga þeim á höfuðborgarsvæðinu“, segir í fundargerð bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Í ályktun bæjarráðs Bolungarvíkur sagði m.a. að þessi aðgerð stuðlaði

að ööryggi og erfiðleikum fyrir fjölda einstaklinga og fjölskyldna á svæðinu, og að þetta þýddi ríflega 5% rýmun á út-svarstekjum kaupstaðarins.

Uppsagnir þeirra þriggja starfsmanna Ratsjárstofnunar sem sagt verður upp á Bolafjalli taka gildi þann 1. maí næstkomandi. Starfsmennirnir

fa sex mánaða uppsagnarfrest og tvo mánuði að loknum uppsagnarfresti án vinnuskyldu og boð um 250.000 króna endurmenntunastyrk. Mönnunum verður þá boðið upp á aðstoð ráðningarstofu við atvinnuleit, og aðstoð við búferlaflutninga æski þeir þess. – eirikur@bb.is

Lagt til að Ingi Þór og Ólína fari í Menningarráð

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarráð að Ingi Þór Ágústsson og Ólína Þorvarðardóttir verði fulltrúar sveitarfélagsins í Menningarráði Vestfjarða. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga var falið á nýf-stöðnu Fjórðungsþingi að óska eftir tilnefningum í menningarráðið í samræmi við drög að menningarsamningi á milli vestfirskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins. Hið nýja menningarráð og Fjórðungssamband Vestfirðinga eigi að hafa það að markmiði að ljúka gerð menningarsamnings fyrir Vestfirði fyrir lok árs 2006. Drög að menn-

ingarsamningi Vestfirskra sveitarfélaga hafa legið fyrir frá nóvember 2004.

Tilurð samningsins byggir á niðurstöðu starfshóps um menningarmál á landsbyggðinni sem skipaður var af menntamálaráðherra árið 2000. Þar voru sveitarfélög hvött til að móta sér menningarstefnu og lagt til að á grundvelli slíkrar stefnumótunar geti þau samið við menntamálaráðuneytið um fjárhagsgrunn menningarstarfs. Þáverandi menntamálaráðherra lýsti þá skoðun sinni að hefja ætti samningsgerð við þau landsvæði sem væru hvað fjarst frá höfuðborgarsvæði. – eirikur@bb.is

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblaðið „Á aðventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt aðventu og jólum.

Á aðventunni

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jóln er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu.

Tilkynningar um viðburði á aðventu sem birtast eiga í atburðardagatali blaðsins þurfa að berast eigi síðar en 17. nóvember á netfangið jsimonia@simnet.is

Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

Vegarslóðinn til Leirufjarðar enn ökufær

Samkvæmt greinargerð bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar á frágangi og lagfæringum við vegslóða í Leirufjörð í Jökulfjörðum er leiðin yfir heiðina frá þjóðvegi ekki eins greiðfær og í fyrra og illfær óbreyttum bílum. Þá segir að þegar komið sé því sem næst að enda upphaflega slóðans komi maður að hliði þar sem fram komi að öll umferð ökutækja sé bönnuð, og hliðið sé læst og ekki sé hægt að aka framhjá því. Þó fannst Lada Sport jeppi við hliðið, og því ljóst að óbreyttir jeppar geta komist um slóðann.

Frá hliðinu og niður í Öldugil er að mestu um ógróið land að ræða, og hafa sneiðingar þeir sem gerðir voru ekki verið jafnaðir út svo slóðinn er ökufær og í mun betra ásig-

komulagi en gamli slóðinn. Segir bæjartæknifræðingur að hægt sé að lagfæra sneiðingana með því að draga til efni úr kantinum fyrir neðann, og muni þá ummerki hverfa á nokkrum árum.

Þá lagði bæjartæknifræðingur til að framkvæmdaaðili fari með beltavél á staðinn og vinni sig upp frá Öldugilinu að hliðinu þannig að sneiðingurinn verði sem minnstur. Þá þarf að sá frekar í í sárið, en það mun engu að síður sjást í nokkur ár eða áratugi. Með þessu verði komið í veg fyrir að bílar geti frekar ekið til Leirufjarðar. „Þegar framkvæmdaaðili hefur gengið frá slóðanum þarf lásin á hliðinu að vera í eigu Ísafjarðarbæjar til að koma í veg fyrir umferð um slóðann“, segir í greinargerð bæjartæknifræðings.



Vegurinn til Leirufjarðar séður úr lofti.

Málverkasali dæmdur til að greiða 120 þúsund kr. í sekt

Maðurinn sem handtekinn var grunaður um að hafa boðið málverk til sölu án þess að hafa tilskilin leyfi var á dögnum dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða til þess að greiða 120 þúsund krónur í sekt, auk þess sem lagt var hald á 19.400 krónur sem taldar eru ágóði mannsins af glæpastarfsemi. Greiði maðurinn ekki sektina innan fjögurra vikna mun hann sæta 10 daga fangelsi. Lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af manninum, sem er egypskur ríkisborgari, fyrir um tveimur vikum þar sem hann var grunaður um að hafa gengið íhús á Ísafirði og boðið málverk til sölu án þess að hafa til þess tilskilin leyfi.

Við nánari skoðun lögreglunnar vöknú sterka grunsemdir um að svo hafi verið, auk þess sem ekki virtist ljóst vera að maðurinn væri löglegur í landinu. Maðurinn var



Lögreglustöðin á Ísafirði.

handtekinn ásamt því að lagt var hald á nokkra fjármuni, fartölvu, nokkur málverk og vegabréf sem hann hafði í förum sínum.

Maðurinn var yfirheyrður og síðan færður fyrir Héraðsdóm Vestfjarða þar sem lögreglustjórinn á Ísafirði krafðist farbanns gagnvart manninum. Héraðsdómur úrskurðaði manninn í farnann til 5. október. Maðurinn var svo ákærður fyrir brot á lögum um útlendinga, með því að hafa dvalið á Íslandi í atvinnuskyni án

dvalarleyfis frá 18. september 2006 til 30. september 2006, eða í tólf daga. Auk þess var hann ákærður fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, lögum um verslunaratvinnu og lögreglusamþykkt Ísafjarðarbæjar, með því að hafa föstudaginn 29. september og laugardaginn 30. september, stundað á Ísafirði farandsölu án atvinnuleysis og án leyfis lögreglustjóra.

Maðurinn mætti ekki í réttarsal, en þangað hafði hann verið boðaður með þeim skila-

boðum að fjarvist hans yrði metin svo að hann viðurkenndi að hafa framið glæpina sem hann var ákærður fyrir og að málið yrði dæmt að honum fjarstöddum, en þegar dómurinn var kveðinn upp á mánudag hafði maðurinn verið laus úr farnanni í fjóra daga. Dómurinn vísaði til fjarveru mannsins og rannsóknargagna lögreglu og taldi sök ákærða nægilega sannaða.

Eins og áður segir er maðurinn gert að greiða 120.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna eða sæta ella fangelsi í 10 daga. Þá voru gerðar upptækar 19.400 krónur. Mál þetta hefur vakið nokkra athygli á málefnum farandsala og ljóst má heita að Vestfirðingar muni hafa vökult auga með farandsölum sem banka upp á hjá þeim á næstu vikum.

– eirikur@bb.is



Ekki farið að skilyrðum um frágang vegslóða

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur fjallað um greinargerð bæjartæknifræðings sveitarfélagsins um frágang og lagfæringar við vegslóða í Leirufjörð í Jökulfjörðum. Bókaði nefndin að hún teldi ljóst að landeigandi hefði ekki farið að þeim skilyrðum sem umhverfisnefnd setti um frágang.

Fram kom í greinargerðinni að leiðin yfir heiðina

frá þjóðvegi væri ekki eins greiðfær og í fyrra og illfær óbreyttum bílum. Þá lagði bæjartæknifræðingur til að framkvæmdaaðili fari með beltavél á staðinn og vinni sig upp frá Öldugilinu að hliði við enda uppfalega slóðans þannig að sneiðingurinn verði sem minnstur. Þá þarf að sá frekar í í sárið, en það mun engu að síður sjást í nokkur ár eða áratugi.

– eirikur@bb.is

Harma þá ákvörðun meirihlutans að rökstyðja ekki ráðningu Gríms

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Bolungarvík hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hörmuð er ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar í Bolungarvík að verða ekki við beiðni minnihluta Sjálfstæðisflokks um rökstuðning fyrir ráðningu núverandi bæjarstjóra, Gríms Atlasonar.

„Þetta getur ekki talist góð byrjun á opinni stjórnsýslu eins og meirihlutinn hefur

boðað“, segir í yfirlýsingunni. Eins og sagt hefur verið frá söttist minnihluti bæjarstjórnar í Bolungarvík eftir því að minnihlutinn opinberaði rökstuðning sinn fyrir ráðningu Gríms, en einn umsækjanda um starfið, sem ekki fékk, söttist eftir slíkum rökstuðningi og var hann veittur. Meirihlutinn hefur sagst ekki myndu opinbera slíkan rökstuðning, en bent á að téðum um-

sækjanda sé heimilt að koma þeim upplýsingum á framfæri sem hann hefur undir höndum, kæri hann sig um það.

Minnihlutinn sagði að gengið hefði verið framhjá umsækjendum sem höfðu meiri menntun til starfsins en Grímur, og sagði auk þess að aðrir umsækjendur hefðu meiri reynslu af rekstri og stjórnun, auk þess sem „ákveðnir umsækjendur“ hefðu haft



Grímur Atlason.

„góða staðarþekkingu“. Grímur er þroskaþjálfari að mennt og starfaði lengi sem slíkur bæði á Íslandi og í Danmörku. Síðastliðin sex ár hefur hann rekið fyrirtækið Austur-Þýskaland, sem er umboðsstofa fyrir tónlistarmenn. Auk þessa starfaði Grímur fyrir Vinstri Græna í borgarmálapólitíkinni undanfarin ár og setið í nefndum fyrir flokkinn.

Tíu umsóknir bárust um

starf bæjarstjóra Bolungarvíkur, en meðal umsækjenda má nefna Bolvikinginn Kristján Jón Guðmundsson, iðnrekstrarfræðing, son Guðmundar Kristjánssonar, fyrrum bæjarstjóra Bolungarvíkur; Tryggva Harðarson, fyrrv. bæjarstjóra á Seyðisfirði og Glúm Baldvinsson, fréttamann á NFS, son Jóns Baldvins Hannibals-sonar og Bryndísar Schram.

– eirikur@bb.is



Forréttindi að búa á Vestfjörðum

Helga Vala Helgadóttir flutti vestur í sumar með manni sínum Grími Atlasyni, nýráðnum bæjarstjóra Bolungarvíkur, og fjölskyldu þeirra. Hún hefur undanfarin ár starfað á vettvangi fjölmiðla, fyrst á Bylgjunni og síðar hjá Ríkisútvarpinu, Talstöðinni og NFS. Hún er menntaður leikari og hefur starfað við uppfærslur frá útskrift 1998, bæði sem leikari og leikstjóri. Nú er hún í lögfræðinámi og nýlega ákvað hún að gefa kost á sér í 2.-3. sæti í Norð-Vesturkjördæmi fyrir Samfylkinguna. En hver er konan á bak við bæjarstjórafrúna, leikarann, fjölmiðlakonuna, nemann og stjórnmálakonuna. Bæjarins besta spjallaði við Helgu Völu til þess að reyna fá svör við þeirri spurningu.

– Svo við byrjum nú á bakgrunnum, hvaðan ertu?

„Ég er fædd og uppalin í Reykjavík, í miðbænum og Vesturbænum. Mamma talaði stundum um það að við værum af fyrstu Arnarhólsættinni“, segir Helga Vala og brosir lúmskt. „Það var nú samt ekki svo því hann móður-afi minn fæddist í Bolungarvík en flutti þaðan barn að aldri. Móðuramma mín hins vegar kemur frá Álftanesi á Mýrum. Föðurfólkið mitt kemur svo úr Hrunamannahreppi í Árnassýslu.“

– Þú ert menntaður leikari en hefur samt mestmegnis unnið við fjölmiðla, hvernig kom það til?

„Ég starfaði við leiklist fyrstu tvö árin að ég útskrifaðist, bæði hér heima með Leikfélagi Akureyrar og í Bretlandi. Í Bretlandi tók ég þátt í uppfærslu á Sjálfstæðu fólki. Það var æðislegt ævin-tyri. Þegar ég kom þaðan var komið sumar og ekkert að gera í leikhúsunum og ég ólétt svo ég gekk inn á skrifstofu hjá Jóni Axel Ólafssyni, sem þá dagskrárstjóri Bylgjunnar og

það um vinnu. Kl. var 10 um morguninn og kl. 17 var ég komin í útsendingu. Ég hef verið að vinna við fjölmiðla síðan. Ég hef verið að leikstýra með þeirri vinnu en hef sama og ekkert leikið síðan þá. Það má segja að ég hafi fengið fjölmiðlabakteríuna. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á þjóðmálum og pólitík og þarna fann ég mína hillu. Starf fjölmiðlamannsins er frábært, maður kynnist ótrúlegu mörgu fólki og mörgum hlíðum samur félagsins. Sem maður kynnist reyndar líka í leikhúsinu. Þetta eru svolítið skyld störf, nema að í leikhúsinu er maður yfirleitt að fást við skáldskapinn, maður getur allavega aldrei verið viss hvort það sé lífið eða skáldskapurinn. Hinsvegar er maður yfirleitt að fást við lífið sjálft í fjölmiðlum.“

– Foreldrar þínir, Helga Bachmann og Helgi heitinn Skúlason, eru bæði leikarar. Voru það áhrif frá þeim sem urðu til þess að þú fórst út í leiklistina?

„Já, já auðvitað. Ég er alin upp í leikhúsinu. Þegar bræður mínir voru ekki að passa mig

var ég þar að dunda mér bæði við að sitja og fylgjast með æfingum eða skrifa á milli bekkjanna og leita mér að gömlu ópali eða gleraugum sem einhver hafði tínt og þess háttar. Eða var hjá Kristínu gömlu niðri í lönó. Það lá því beint við að ég færi í leikhúsið þegar ég komst til vits og ára. Enda er leikhúsið dásamlegur vettvangur þótt ég hafi síðan haldið í annað. En kannski á maður eftir að snúa þangað aftur einhvern daginn. Það er aldrei að vita, lífið er svo langt og maður verður að smakka á öllum réttunum sem það hefur upp á að bjóða.“

Tími til að efla þetta frábæra samfélag

„Nú hefur þú snúið þér að pólitík og hefur gefið kost á þér í 2.-3. sæti á lista Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi, er þetta í fyrsta sinn sem þú kemur að stjórnmálum?

„Já, alveg klárlega. Ég hef hingað til verið svona sófa-besserwisser, eins og þeir sem horfa á spurningakeppni og

vita allt best sitjandi heima í stofu. Ég hef verið svolítið þannig varðandi pólitíkina. Það fer ekki saman að taka beinan þátt í pólitík og starfa í fjölmiðlum. Núna finnst mér að þetta sé rétti tíminn til að nota krafta mína til að gera gott. Efla þetta frábæra samfélag okkar, við erum svo ótrúlega kraftmikil og getum lyft þvílíku Grettistaki hvar sem er. Við þurfum að snúa okkur að fólkinu sjálfu núna, minnka peningahyggjuna í samfélaginu og fara að hugsa um hvernig við eigum að koma fram við fólkið okkar. Það er verkefni nr. 1, 2 og 3. Ekki síst fólkið á þessu svæði og landsbyggðinni allri, sem er orðið svo vant því að fá ekki sjálf-sagða grunnþjónustu í þessu ríka landi. Þetta er forgangsverkefni.“

– Þú hefur verið að beita kröftum þínum öðrum til góðs t.d. í samstarfi við Rauða krossinn út í Malaví og að vekja Íslendinga til umhugsunar um ástand þeirra sem eru heilabílaðir. Segðu aðeins frá því.

„Ég kynntist því út í Afríku hvað við Íslendingar erum rík, ég vissi það reyndar fyrir en sjón er sögu ríkari. Nú nota ég þetta stóra „Við“ og á við þjóðina sem heild þó að vissulega séu einstaklingar hér sem eiga varla til hnifs og skeiðar. Þegar maður er orðinn svona ríkur eins og við erum, þá er eins og við missum sjónar á því sem raunverulega skiptir máli. Við erum í sjöunda sæti yfir

efnuðustu þjóðir heims en Malaví er í um 138. sæti. Og þegar maður sér hvað fólkið þar er glatt og samstaðan hjá þeim er mikil þá skammast maður sín. Ég skammaðist að þetta sé rétti tíminn til að nota krafta mína til að gera gott. Efla þetta frábæra samfélag okkar, við erum svo ótrúlega kraftmikil og getum lyft þvílíku Grettistaki hvar sem er. Við þurfum að snúa okkur að fólkinu sjálfu núna, minnka peningahyggjuna í samfélaginu og fara að hugsa um hvernig við eigum að koma fram við fólkið okkar. Það er verkefni nr. 1, 2 og 3. Ekki síst fólkið á þessu svæði og landsbyggðinni allri, sem er orðið svo vant því að fá ekki sjálf-sagða grunnþjónustu í þessu ríka landi. Þetta er forgangsverkefni.“

Mér finnst líka að við ættum að halla okkur meira að Evrópu. Það er ástæðan fyrir því að ég bind trúss mitt við Samfylkinguna því mér finnst hún vera flokkur sem horfi lengra fram á við en bara fram í næstu viku. Við höfum alltof lengi hallað okkur í átt til Ameríku þar sem velferðarkerfið er í

molum og þar sem fólk getur átt það á hættu að hafa ekki efni á að fæða börnin sín, hvað þá að hugsa um þau í þessu ríka samfélagi sem þar er.

Mér finnst að við ættum að læra meira af þjóðum í Evrópu, eins og t.d. í Skandinavíu, því við höfum allt til að bera til að byggja okkar samfélag upp eins og gert hefur verið þar. Til að efla velferðarkerfið okkar og færa það nær fólkinu. Gamla fólkið okkar á heimtingu á að fá þjónustu hvar sem það kys að búa. Sama gildir með fatlaða einstaklinga. Grunnheilbrigðisþjónusta á aldrei að vera aðeins fyrir hluta þjóðarinnar, þann hluta sem kys að búa á suðvesturhorninu. Allir landsmenn hafa saman gert landið að því sem það er og eiga skilið að fá sömu þjónustu, hvort sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu eða fjarskiptaþjónustu.“

Ótrúlega ánægð í Bolungarvík

– Hvernig fer það saman að vera bæjarstjórafrú í Bolungarvík og vera að bjóða sig fram til þings?

„Það getur vel verið að það fari ekkert vel saman, en Bolvíkingar eru svo kurteist fólk að þeir eru ekkert að láta mig vita ef þeim finnst það ósæmi-legt“, segir Helga Vala með bros á vör. „Vikarar hafa tekið okkur alveg rosalega vel. Það mætir okkur bross hvert sem

„Hvernig dettur okkur t.d. í hug að eyða öllum þessum peningum til þess að komast inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þegar við getum ekki einu sinni hugsað um gamla fólkið okkar eða fatlaða. Ég skil það ekki og finnst það bara rugl.“

við förum. Mér þykir mjög vænt um það. Við hjuggumst alveg eins við því að það yrði ekki þannig, því þegar pólitík er annars vegar þá er landslagið dálítið svart-hvítt og menn eru ýmist með eða á móti. En þeir sem hafa verið á móti ráðningu Gríms eru annað hvort bara heima hjá sér eða hafa ákveðið að brosa líka bara sætt til okkar. Okkur líður alveg ofsalega vel á Vestfjörðum og það eru mikil forréttindi að fá að búa hérna. Ég finn það líka á vinum okkar fyrir sunnan sem eru í miðju stressinu að við erum svolítið öfunduð af flutningi okkar. Fólklýgnir aftur augunum og hugsar hvað það væri nú gott að komast í friðinn úti á landi. Ég held að straumurinn fari að snúast við og liggja aftur út á land. Það kemur að þeim tímapunkti, þótt auðvitað séum við svolítið ofurseld Visa kortunum og yfirdráttarheimildunum, að við opnum augun og gerum okkur grein fyrir því að það eru til annars konar gæði en felast í leður-sófasettum. Þótt leðursófasettin séu góð sem slík.

Það er svo gott að koma út á morgnana, horfa á fjöllin og anda að sér þessu dásamlega súrefni. Börnin fara út að hjóla og leika sér og koma dauðþreytt heim eftir daginn. Það er svo rólegt og gott hérna að meira að segja kisurnar okkar finna breytinguna. Við erum ótrúlega ánægð.“

Fjarlægðin er afstæð

– Lagðist það strax vel í þig að flytja með manninum þínum á norðurhjara veraldar? „Já auðvitað. Ég varð samt óttaslegin í einn dag og óttinn minn snerist aðallega um fjölskylduna. Ég á dóttur sem 15 ára og þegar maður er í 10. bekk er maður ekki á því að fara flytja til Bolungarvíkur svo að hún býrenn í Reykjavík hjá pabba sínum. Svo eigum við aðra dóttur sem er 11 ára og býr hjá mömmu sinni fyrir sunnan. En þær koma oft og heimsækja okkur og líður vel í Bolungarvík. Svo það er aldreí að vita nema að þær flytji líka til okkar þótt það hafi ekki gerst núna í upphafi. Þær eiga líka báðar svo frábært fólk í kringum sig að ótti minn er líklega ástæðulaus. Það er líka orðið svo auðvelt að flakka á milli. Það tekur jafnlangan tíma að fljúga suður og það tekur að keyra frá Hafnarfirði að heimili mínu fyrir sunnan, og Hafnfirðingar eru nú ekkert að láta fjarlægðina stoppa sig að fara niður í bæ. Þannig að fjarlægðin er afstæð. Þegar manni líður vel þá finna börnin það og finnst gott að koma til okkar.“

– Hvernig hefur það reynst þér að sameina fjölskyldulífið við námið, starfið og nú pólitíkina?

„Það hefur alltaf verið rosalega mikið að gera hjá mér og ég er alin upp af fólki sem vann mikið. Það var ekki jafn gaman heima þegar lítið var að gera hjá foreldrum mínum og þegar allt var á fullu. Þá voru þau kátari og svei mér ef þau höfðu ekki bara meiri tíma fyrir okkur. Ég held að ef foreldrarnir eru ánægðir með það sem þeir eru að gera geti þeir gefið miklu meira af sér, og þá verður hver stund fyllri. Ég er sjálf samviskubitsmamma og fæ mjög auðveldlega samviskubít yfir öllum sköpuðum hlutum, eins og af hverju var ég með brúnt krem á kökunni til að spara tíma í staðinn fyrir bleikt og þess háttar hluti sem skipta engu máli. En ég á rosalega góða vinkonu sem er að venja mig af því. Mamma hennar Elvu vinkonu minnar í Hafnarfirðinum er mikill kjarnorkukvenmaður og feministi og þær hafa alveg sömu sögu að segja og hvetja mig til dádá. En ég finn það að eftir að við fluttum vestur nýtist tíminn betur og við höfum meiri tíma saman. Þrátt fyrir að á tímabilinu hafi ég farið til Malaví, unnið fullt af útvarpsefni þaðan, verið í prófum og sé núna allt í einu í framboði þá finnum við samt tíma til að fara saman í berjamó og fjallgöngu. Þetta er bara allt spurning um skipulag.“

Hikandi konur og alþingi fullt af karlmönnum

– Nú er maðurinn þinn sjálfur að byrja í nýju ábyrgðarstarfi, stýður hann þig í pólitíkinni?

„Á ég að segja þér hvernig þetta kom til? Það kom til mín kona í Víkinni og bað mig um að spá í þetta. Mér fannst það þínu galið og spurði hana hvort hún vildi strax losna við mig þar sem ég væri nýkominn?“, segir Helga kímín. „Ég henti þessu frá mér en Grímur og þessi sómakona héldu áfram að hvetja mig til þess að bjóða mig fram. Svo var ég alveg búin að kasta því frá mér að fara í framboð því ég hugsaði með mér að ég gæti ekki gert börnunum mínum það. Þá sagði Grímur við mig: „Það er einmitt út af konum eins og þér sem alþingi er fullt af miðaldra karlmönnum.“ Hann vissi alveg hvað hann var að segja með þessu. Hann vissi alveg hvaða takka hann þurfti að ýta á til þess að koma mér af stað. Ég sat heima og horfði á eftir öllum þessum konum hverfa á braut,

„Allir landsmenn hafa saman gert landið að því sem það er og eiga skilið að fá sömu þjónustu, hvort sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu eða fjarskiptaþjónustu.“



eins og Margréti Frímannsdóttur, og Rannveigu Guðmundsdóttur og áður Bryndísi Hlöðversdóttur og hver strákurinn á fætur öðrum boðaði komu sína inn á þing. Á meðan sat ég heima og öskraði: „Hvar eru allar konurnar? Af hverju eru engar konur hérna?“ Auðvitað eru líka konur en mér fannst á þessari stundu að það vantaði fleiri konur í framboð. Og þá er ekki nóg að sitja heima í sófanum og spyrja hvar konurnar séu heldur verður maður að bera ábyrgð á þessu sjálfur. Það er eitthvað hik í okkur konum og oft finnst okkur eins og við getum ekki farið fram án þess að vera búnar að kortleggja allt fyrirfram. Við verðum að vita allt 100%. En nú viðurkenni ég fúslega að ég veit ekki allt um það sem snýr að Norð-Vesturkjördæmi en ég veit samt að ég get gert óteljandi hluti fyrir þetta kjördæmi. Þingmenn eru þingmenn alls landsins og þó maður hafi ekki búið hér lengi veit maður margt um svæðið og getur nú líka bara lært það. Fólk á bara að koma upp að manni og segja manni hlutina og þá get-

ur maður beitt sér fyrir því sé maður sammála að það sé í forgangi. Strákarnir eru ekki eins óttaslegnir og hafa meira sjálfstraust. Þeir hafa ekki áhyggjur af því að vita ekki allt áður en þeir leggja af stað. Við þurfum að vera hugrakkari og hafa meira sjálfs-traust. Ég á einmitt þrjár dætur og einn son og ég vona að ég geti eftl sjálfstraust í þeim til þess að þær standi alltaf upp og segi skoðun sína. Það er svo dýrmætt. Maður á líka að vera óhræddur við að spyrja kjánalegu spurninganna. Hvað með það þó maður geri það?“

Pólitíkin áhugamál

– Hvað felst í að vera í kosningabaráttu? „Að hitta fólk. Það er nú eitt af því sem mér finnst skemmtilegast í lífinu svo ég held að ég eigi eftir að una mér vel í baráttunni. Og svo bara að tala um pólitík og það sem skiptir máli. Ég hef ekki fengið að gera það lengi nema í mjög þröngum hópi út af starfi mínu í fjölmiðlum. Ég hef bara fengið að spyrja en nú fæ ég að tala og segja mína

„Okkur líður alveg ofsalega vel á Vestfjörðum og það eru mikil forréttindi að fá að búa hérna. Ég finn það líka á vinum okkar fyrir sunnan sem eru í miðju stressinu að við erum svolítið öfunduð af flutningi okkar“

skoðun. Ég hlakka til og held að þetta eigi eftir að verða mjög skemmtilegt. Það er nú stutt í prófkjörið en að því loknu, sama hvernig fer, er ég búin að gefa línuna og sýna hver ég er og fyrir hvað ég er. Sumum finnst það eflaust ansi bíræfið af mér að vera bjóða mig hér fram nýaðflutt manneskjan, og ég skil það mjög vel. En stundum er ástand búið að vara svo lengi á ákveðnum stað að innan-sveitarfólk og innankjördæmisfólk er búið að sætta sig við það. Svo kem ég, gesturinn, og hristi hausinn og segi: Er ekki allt í lagi? Þið eigið ekkert að sætta ykkur við verri þjónustu en aðrir landsmenn! Það er t.d. bara bull að sætta sig við veginna hér fyrir vestan. Og að netsamband og farsímasamband sé með þeim hætti sem þekkist víða um kjördæmið. Þetta eru grunnréttindi sem allir landsmenn eiga að njóta. Maður á að berja í borðið og segja að maður neiti að borga skattana sína þar til búið er að laga þetta. Stundum er það þannig að gott er að fá inn nýja sál sem ekki er orðin samdauna ástandinu. Einhvern

sem að tekur upp skófluna og mokr skurðinn. Ég hef alltaf verið þannig að ég hef bara farið út og gert hlutina. Stundum er þannig manneskja einmitt það sem þarf. Að hika er sama og deyja.“ – Ein spurning að lokum. Nú virðist þú hafa feikinóg að gera, hefurðu tíma fyrir einhver áhugamál? „Pólitíkin er áhugamál svo það er frábært ef ég fengi að vinna við það sem ég hef áhuga á. En nei“, segir Helga Vala og skellir upp úr. „Ég hef ekki tíma fyrir önnur áhugamál. Ég man til dæmis ekki hvenær ég settist fyrir framan sjónvarpið síðast. En áhugamál eru afstæð og samveran með fólkinu mínu er það sem mér finnst skemmtilegast. Mér finnst líka rosalega gaman að fara í leikhús og gat notið þess áhugamáls síðasta vetur á meðan ég var að gagnrýna fyrir Kastljósið. En ætli þetta sé ekki bara allt eitt stórt áhugamál, allavega líður mér ekki eins og neitt verkefni sé byrði heldur hef ég gaman af og áhuga á öllu sem ég er að taka mér fyrir hendur“, segir Helga Vala –thelma@bb.is

Smáauglýsingar

Til sölu er lítið notaður ísskáp-ur með frystihólfi. Útlitsgallar eru á skápnunum og fæst hann fyrir lítið. Upplýsingar í síma 863 4721.

Hlutavelta verður í félagsheim-ílinu á Flateyri, laugardaginn 21. október kl. 14. Einnig fara markaður. Kvenfélagið Brynja.

Til sölu ergjaldmælir og taxa-merki. Einnig GSM posti. Uppl. í síma 895 7104.

Til sölu er Subaru Impreza árg. 97. Uppl. í síma 456 4028.

Til sölu eru 14" snjódekk á felg-um. Passa undir Subaru Impreza. Uppl. í síma 456 7663 (Guðni).

Til leigu er fallg, vel skipulögð og björt 2ja herb. íbúð á eyrinni frá nóvember. Stórar svalir. Ný-oppgerð sameigin. Upplýsing- ar í síma 867 6657.

Aðalfundur Áttahagafélags Sléttu- hrepps verður haldinn í Sigurð- arbúð, laugardaginn 21. okt. kl. 15:00.

Til sölu er Nissan Patrol árg. 01, ekinn 93 þús. km. Fallgurr bíll. Uppl. gefa Finnbogi í síma 862 6046 og Linda í síma 896 6046.

Til sölu er Nissan Micra árg. 98, 3ja dyra. Sumar- og vetrardekk. Uppl. í síma 891 6381.

Til sölu Land Rover Discovery Series II árg. 2000, dísel. Verð kr. 1.960 þús. Skipti möguleg á ódýrari 4x4 bíl. Bílalan/samn. kr. 1.100 þús. getur fylgt. Uppl. í síma 892 1694.

Afmæli



Magnús Ólafsson, Hannson, Hafnargötu 110 í Bolungar- vík verður **fimmtugur** föstudaginn 20. október. Af því tilefni býður hann ættingjum og vinum að koma í svöltninn fagnað í kaffisal Bakkavíkur í Bol- unguravík kl. 20 að kvöldi afmælisdagsins.



Börnin á Eyrarskjóli bjuggu til myndarlegan snjókarl. Mynd: Eyrarskjól.

Leikskólabörn kættust yfir fyrsta snjónum

Það er alltaf ákveðin stemmning í loftinu þegar fyrsti snjór vetrarins þekur jörð, og ekki síst hjá yngstu börnunum sem upplifa heiminn í nýjum búningi. Börnin á leikskólanum Eyrarskjóli nýttu þá möguleika sem snjórinn býður upp á í byrjun síðustu viku. „Fyrsti snjórinn er kominn og mikil spennan í loftinu, krakkarnir byrjuðu strax á því að gera snjókarl þegar út var komið, málaður var munur, augu sett, slaufu fékk kallinn og kórónu og börnin sungu: hann á afmæli í dag og er eins árs hann Snjóki snjókarl“, segir Erna Björk Jónsdóttir, leikskólakennari á Eyrarskjóli.

Vestfirðir
Atvinnu-
lausum
fækkar

Enn fækkar Vestfirðing- um á atvinnuleysissskrá en nú eru 34 skráðir atvinnu- lausir í fjórðungnum, að því er fram kemur á kemur á vef Vinnuálastofnunar. Vestfirðingar hafa ekki verið færri á atvinnuleys- isskrá um árabil en fyrir mánuði voru 37 á skrá og hefur þeim því fækkað um þrjá. Karlmennt eru þrír og konur eru sem fyrr í meiri- hluta og eru 31 talsins. Atvinnuleysistölur hafa sveiflast upp og niður frá því fyrir áramót en um miðjan febrúar voru 73 á skrá. Var það töluverð fækkun frá því í byrjun árs þegar 99 manns voru skráðir atvinnulausir. Þá voru 102 á skrá yfir at- vinnulausa á Vestfjörðum fyrir áramót. Á vef Svæð- isvinnumiðlunar Vest- fjarða eru auglýst 13 störf, alls 19 stöður, í boði í ýms- um greinum.


Gerist áskrifendur
í síma 456 4560

Skora á ríkisstjórnina að fjölga störfum
í stað þeirra sem töpuðust á Bolafjalli

Fulltrúaráð sjálfstæðisfé- laganna í Bolungarvík skorar á ríkisstjórnina að fjölga op- inbernum störfum í Bolungar- vík í stað þeirra starfa sem lögð hafa verið niður hjá Rat- sjárstofnun á Bolafjalli á síð- ustu tveimur árum. „Það er ekki í samræmi við byggða- áætlan að flytja opinber störf af landsbyggðinni til höfuð- borgarsvæðisins“, segir í áskor-

un ráðsins. Í ályktun bæjarráðs Bolungarvíkur fyrir stuttu sagði m.a. að þessi aðgerð stuðlaði að öryggi og erfið- leikum fyrir fjölda einstakl- inga og fjölskyldna á svæðinu, og að þetta þýddi ríflega 5% rýrnun á útsvarstekjum kaup- staðarins. Uppsagnir þeirra þriggja starfsmanna Ratsjárstofnunar sem sagt verður upp á Bola-

fjalli taka gildi þann 1. maí næstkomandi. Starfsmennirn- ir fá sex mánaða uppsagnar- frest og tvo mánuði að loknum uppsagnarfresti án vinnu- skyldu og boð um 250.000 króna endurmenntunastyrk. Mönnunum verður þá boðið upp á aðstoð ráðningarstofu við atvinnuleit, og aðstoð við búferlaflutninga æski þeir þess. – eirikur@bb.is



STAKKUR SKRIFAR

Innflytjendur – ógn eða tækifæri?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Íslendingar hafa upplifað gríðarlegar þjóðfélagsbreytingar á nýhafinni öld. Íbúum hefur fjölgað mun meira en spár gerðu ráð fyrir. Miklar framkvæmdir tengjast stóriðju og samfara því hefur bygging íbúðarhúsnæðis tekið mikinn kipp, einkum í Reykjavík, en þar og í nágrenninu býr mikill meirihluti landsmanna. Þessar miklu framkvæmdir og afar lítið atvinnuleysi á Íslandi hafa kallað á vinnuafli frá útlöndum. Í framhaldinu hafa útlendingar flykkst til landsins og eiga sinn stóra þátt í mikilli fólksfjölgun, sem hefur í för með sér að mörg ný verkefni þarf að leysa. Mikill innflutningur erlends vinnuafli til Íslands hefur mörg ný vandamál í för með sér. Nýtt fólk, sem býr að annars konar menningu en við sem erum fædd hér eigum að venjast, getur átt erfitt með aðlögun að því samfélagi sem hefur þrífist á Íslandi. Ólík trúarbrögð geta aukið á vanda sem fylgir aðlögun og samskiptum. Trúfrelsi á Íslandi er tryggt í stjórnskrá lýðveldisins. Á Íslandi nýtur þjóðkirkjan, hin evangelíska lúterska kirkja, stjórnskrár- bundinnar sérstöðu. Sú spurning hlýtur að vakna hvort fjölþjóðlegt yfirbragð samfélagsins, sem mun án nokkurs efa aukast verulega á næstu árum, kalli ekki á breytta stöðu núverandi þjóðkirkju þannig að hún standi jafnfætis öðrum trúfélögum. Þá gerist sú spurning áleitin, hvort við hæfi sé að í upp- lýstu samfélagi 21. aldar hafi trúfélög umboð frá ríkisvaldinu til að veita borgaraleg réttindi eins og þau er fylgja hjúskap. En á Íslandi fylgja honum

fyrst og fremst borgaralegur réttur og borgaralegar skyldur. Sú tíð er liðin að kirkjan á Íslandi var valdastofnun, er í krafti trúar stýrði samfélaginu að miklu leyti og átti fulltrúa á hinu eldra Alþingi. Ef til vill finnst mörgum það sjálfsagður þáttur í íslensku þjóðfélagi að mörg ólík trúfélög geti í krafti skráningar hjá dómsmálaráðuneytinu deilt út borgaralegum rétti og skyldu. Hitt sýnist eðlilegra að fólk ræki trú sína óháð ríkisvaldinu og geti í skjóli hennar fengið sína trúarlegu blessun. Vart verður sérstada einnar trúar fallin til þess að stuðla að lýtlausri sambúð ólíkra hópa sem tilheyra ólíkum trúfélögum og ólíkum menningararfi. Einnig er brýnt að gera innflytjendum kleift að skilja íslenska löggjöf og grunn samfélagsins. Það mun ekki gefast vel að láta af þeim grunni er samfélag á Íslandi byggir á. Ríkisborgararéttur virðist auðsóttur á Íslandi og þrátt fyrir hugmyndir manna um að kunnátta í íslensku sé æskileg og nauðsynleg eru allt of margir innflytjendur illa að sér í tungumálinu og það er vart fyrr en kemur að annarri kynslóð eða jafnvel þeirri þriðju að það vandamál hverfi. Íslenskt mál er undirstaða góðrar sambúðar innflytjenda og hins stóra hóps Íslendinga sem er hér upp runninn. Takist vel til eru tækifærin ærin. Ella má búast við sams konar vandamálum og nágrannaríki okkar eru að fást við nú.

Lýsa eindregnum vilja til að innan-landsflugvöllur verði áfram í Reykjavík

Kjördæmisþing Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, sem haldið var á Ísafirði fyrir stuttu, lýsti yfir eindregnum vilja til þess að áfram verði innanlandsflugvöllur staðsettur innan borgarmarka höfuðborgarinnar „ekki síst með öryggissjónarmið Íslendinga að leiðarljósi“, líkt og segir í ályktun. Eins og kunnugt er hefur löngun verið tekist á um staðsetningu flugvallar í Reykjavíkurborg og hafa ver-

ið háværar raddir uppi um að hann verði fluttur úr Vatnsmyrinni. Einnig eru uppi hugmyndir um að flytja flugvöllinn innan höfuðborgarinnar, og hafa þá m.a. Löngusker verið nefnd sem valkostur í þeim efnum, sem og Hólmsheiði. Samkvæmt tæplega ársgamalli skoðanakönnun Gallups vildi tæplega helmingur borgarbúa að flugvöllurinn yrði einfaldlega áfram í Vatnsmyrinni, á

meðan 23% vildu að hann færi til Keflavíkur. 6% nefndu Löngusker, en önnur flugvallarstæði nutu minni stuðnings. Þá segir í ályktun kjördæmisþings að samgöngur séu lyk- ilþáttur í að byggðir landsins nái að dafna og búseta standi traustum fótum. „Þá eru greiðar samgöngur einnig forsenda áframhaldandi uppbyggingar ferðaþjónustunnar sem gegnir sífellt stærra hlutverki í atvinnulífi þjóðarinnar. Kjör-

dæmisþingið fagnar því að nú skuli á ný vera framundan áttak í uppbyggingu samgöngumannvirkja í landinu og bendir á að í Norðvesturkjördæmi eru mörg brýn verk framundan á þeim vettvangi. Sérstaka athygli hefur vakið sú vinna sem lögð hefur verið af mörku- um til að bæta umferðaröryggi og vekja vegfarendur til umhugsunar og ábyrgðar hegðunar í umferðinni undir forystu samgönguráðherra.“



Reykjavíkurlugvöllur. Ljós: Flugmálastjórn.

Búsetuþjón-ustu komið á fót

Félagsmálaráðuneytið hefur hafið áttak í málefnum fólks með geðfötlun. Á síðustu misserum hefur athygli verið vakin á aðstæðum og réttindamálum fólks með geðfötlun, m.a. á þörfum þess fyrir fjölbreyttari þjónustuúrreiði, auknum lífsgæðum og auknum áhrifum notenda sjálfra á þjónustuna. Á árinu 2005 hafði félagsmálaráðherra, í samráði við heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, for- göngu um að gerð væri könnun á þjónustuþörfum geðfatl- aðs fólks, jafnt fyrir búsetu sem stoðþjónustu. Upplýsingar bárust frá 493 einstaklingum og leiddu niðurstöður í ljós að 220 einstaklingar þyrftu á breyttri búsetu að halda auk þess komu fram óskir um ýmsa aðra þjónustu.

Að fenginni kostnaðargreiningu tók ríkisstjórnin ákvörðun um að verja einum milljarði af söluandvirði Símans og hálfum milljarði betur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til stofnkostnaðar vegna búsetu- og stoðþjónustu við fólk með geðfötlun á árunum 2006 – 2010.

Í framhaldi af könnuninni tók til starfa verkefnahópur á Vestfjörðum sem saman stendur af fulltrúum frá Svæðis- skrifstofu Vestfjarða, Skóla- og fjölskylduskrisstofu Ísa- fjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar. Verkefnahópurinn gerði könnun á stöðu fólks á svæðinu og mótaði síðan tillögur að þjónustu sem sendar voru til fé- lagsmálaráðuneytis. Tillögurnar fela í sér að komið verði á fót búsetuþjónustu fyrir sex einstaklinga og dagþjónustu og/eða starfsendurhæfingu fyrir fólk með geðfötlun.



Jónas Gunnlaugsson hjá Bókhöldunni-Pennanum og Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar undirrituðu samninginn á föstudag.

Penninn og Ísafjarðarbær undirrita viðskiptasamning

Penninn og Ísafjarðarbær undirrituðu á föstudag viðskiptasamning. „Innihald samningsins er trúnaðarmál en nú getum við veitt Ísafjarðarbæ mun betri kjör en hingað til og mun betri en gamla Bók- hlaðan gat gert. Íkrafi stærðar Pennans getum við nú boðið svona stórum viðskiptavinum sem Ísafjarðarbær er þessi kjör“, segir Jónas Gunnlaugs-

son framkvæmdastjóri Pennans á Ísafirði. Síðasta vor keypti Penninn hið 80 ára gamla fjölskyldufyrirtæki Bókhölduna, þá höfðu Jónas Gunnlaugsson og Kristín Ólafsdóttir átt og rekið Bókhöld- una um árabíl og er Jónas þriðji ættliður sömu fjöl- skyldu sem rekur Bókhölduna á Ísafirði. Aðspurður hvort samningur hafi verið lengi í

vinnslu segir Jónas svo ekki vera en hugmyndin hafi kvik- nað fyrir mörgum árum. „Bærinn hefur alla tíð verið stór viðskiptavinur Bókhöld- unnar og mig hefur lengi lang- að til að bjóða honum þetta en vegna stærðar rekstursins sát- um við eftir þegar kom að svona löguðu. Það var ein ástæðan fyrir því að ég og kona mín ákváðum að selja

og nú erum við einn hlekkur í stórrí keðju Pennans og getum veitt viðskiptavinum okkar betri kjör. Þetta er mikið ánægju- efni fyrir mig og starfsfólkið.“ Markmið Pennans með kaupum á versluninni var að styrkja stöðu fyrirtækisins á landsbyggðinni og sýnir í verki þann vilja fyrirtækisins að veita fulla þjónustu á flest- um þéttbýlisstöðum landsins.

NMÍ semur við Flass FM

Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði hefur undirritað samstarfssamning við útvarpsstöðina Flass FM. Samningurinn felur í sér að NMÍ mun útvarpa á tíðni Flass FM í nokkra klukkutíma á dag. „Okkur líst mjög vel á þetta“, segir Birgir Fannar Pétursson hjá Flass FM.

„Við erum líka að semja við nemendafélagið í Vest- manneyjum og ætlum líka að bjóða upp á þetta á höfuð- borgarsvæðinu og svo á Akureyri í næsta mánuði. Við ætlum að fara út um allt land en geymum Austurlandið að- eins.“ NMÍ mun hefja útsendingar með aðstoð Flass FM á næstunni og verður það nánar kynnt þegar að dregur.

Ísfirðingur hlýtur námsstyrk frá OR

Ísfirðingurinn Arna Vig- dís Jónsdóttir hlaut á dö- gunum námsstyrk frá Orku- veitu Reykjavíkur, en styrk- veitingarnar eru liður í jafn- réttisáætlun Orkuveitunnar. Fimm konur hlutu að þessu sinni styrk, en þetta er tíunda árið sem Orku- veitan styrkir konur sem stunda nám í verk- og tækni- fræðigreinum og fjórða árið sem styrkveitingarnar ná

einnig til kvenna í ákveðnum iðngreinum. „Þetta er hvatn- ing að halda áfram að gera sitt besta. Ég klára líklega BS í vor og svo er ekki alveg ákveðið hvað ég geri í fram- haldi af því en ég býst við að reyna við masterinn í sama fagi“, segir Arna Vigdís sem er nemi í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. Auk hennar eru styrkþeg- arnir í ár Hildur Einarsdóttir,

nemi í rafmagns -og tölvun- arverkfræði við Háskóla Ís- lands, Kristín Steingrimsdóttir, nemi í vélaverkfræði við Háskóla Íslands og Úrsúla Ögn Guðnadóttir, nemi í verk- og tæknifræði við Syddansk Universitet í Sønderborg í Danmörku. Þá hlýtur Steinunn Harpa Einarsdóttir, nemi á vélstjórnarsviði Fjöltækni- skóla Íslands, einnig styrk. Heildarupphæð námsstyrkja

til kvenna nemur einni milljón króna að þessu sinni. Vatnsveita Reykjavíkur stofnaði til styrkveitinganna 1997 í þeim tilgangi að stuðla að aukinni sókn kvenna í nám í verk- og tæknifræðigreinum. Eftir sameiningu veitufyrir- tækjanna í árið 2000 var ákveðið að halda styrkveiting- unum áfram í nafni Orkuveit- unnar með það að markmiði að jafna hlut kynja í sérfræði-

og stjórnunarstörfum. Þess má til gamans geta að Arna Vigdís var Dux scholae þegar hún útskrifaðist frá Menntaskólanum á Ísafirði árið 2001. Hún hlaut þá aðaleinkunnina 9,20 og var þá aðeins fimmti nem- andinn sem brautskráður hafði verið frá Menntaskól- anum með aðaleinkunn yfir níu. — thelma@bb.is

Nær 11 þús tonn flutt burt

Samtals voru flutt 10.701 tonn frá Vestfjörðum til kaup- enda í öðrum landshluta á árinu 2005. Þar af voru 2.146 tonn flutt beint til vinnslu inn- anlands, 7.818 tonnum voru flutt á fiskmarkað til vinnslu innanlands og 737 tonn fóru á markað í gáma.

Ef skoðaður er flutningur á ferskum botnfiskafla árið 2005 til og frá Vestfjörðum þá voru 25% landaðs aflla á Vestfjörðum flutt til annarra svæða.



Mikill umferðarþungi er í gegnum Súðavík þar sem bílar á leið úr Djúpinu fara þar í gegn.

Mikil slysahætta vegna umferðarhraða um Súðavík

Vegagerðin hyggst aðstoða Súðavíkurhrepp við að draga úr umferðarhraða í gegnum þorpið. „Við sendum þeim erindi í sumar og óskuðum eftir því að þeir kæmu okkur til hjálpar við að stemma stigu gegn miklum umferðarhraða í gegnum þorpið og vegna þeirrar miklu slysahætta sem af því skapast. Þeir segjast munu gera allt sem í þeirra valdi stendur, þeir ætla að

koma með tillögur og tryggja fjármagn til að hægt sé að fara í að koma upp hraðahindrunum í hvaða formi sem þær munu svo verða“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Brýn þörf er á úrbótum vegna umferðarþunga um Súðavík.

„Það hefur verið gríðarleg aukning umferðar þungra bifreiða og á sumrin er byggðin full af fólki, og oftast eru þá

börn með í för, sem þekkja ekki til og mikið er gengið yfir þessa aðalgötu sem skapar mikla slysahætta. Maður hefur séð það víða um allt land að þar sem þjóðvegir liggja í gegnum byggðalög er verið að koma upp hraðahindrunum til þess hreinlega koma veg fyrir stórslys“, segir Ómar.

Á fundi hreppsnefndar á dögunum var tekið fyrir bréf frá Vegagerðinni þar sem fram

kemur að hún muni fljótlega leggja fram hugmyndir og tillögur um mögulegar úrbætur sem miða að því að ná niður umferðarhraða í gegn um Súðavík. „Við vorum mjög ánægð með svarið frá Vegagerðinni. Tekið var undir áhyggjur okkar og bréfið ber þess merki að það sé fullur vilji hjá Vegagerðarmönnum að vinna að þessu með okkur“, segir Ómar. – *thelma@bb.is*

Prestar víxla tíma- bundið á sóknum

Prestarnir Magnús Erlingsson og Örn Bárður Jónsson ætla að skipta um sóknir síðustu tvær vikurnar í október. Örn Bárður er eins og mörgum er kunnugt um fæddur og uppalinn á Ísafirði, en hann er sonur Jóns Bárðarsonar sem í eina tíð var kaupmaður á Ísafirði og sá fyrsti sem bauð upp á það fyrirkomulag kjörbúðar sem tíðkast í dag. Hefur Örn Bárður því hug á að heim- sækja bernskuslóðirnar.

Aðspurður hvort algennt sé að prestar víxlist á sókn- um um tíma segir Magnús að það sé ekki fáheyrt að þeir geri það. „Nokkrir hafa prófað það. Maður lærir heilmargt af því að fara á nýjan vinnustað, en þetta er



Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði mun þjóna við Nessókn undir lok mánaðarins.

þó meira til gamans gert.“ Þess má geta að sr. Örn Bárður mun messa í Ísa- fjarðarkirkju sunnudagana 22. og 29. október.

– *thelma@bb.is*

Námsvísir Grunnskólans á Ísafirði

Gefinn út á fimm tungumálum

Námsvísir Grunnskólans á Ísafirði var gefinn út á fimm tungumálum í haust en fjöldi nemenda sem eru af erlendu bergi brotnir hefur síaukist undanfarin ár. Námsvísirinn kom út á tæ- lensku, pólsku, spænsku og ensku auk íslensku útgáf- unnar. Herdís Hübner ann- aðist spænsku útgáfuna og Monica Mackintosh ensku

útgáfuna, en þeir kenna báðar við skólann.

Tælenka og pólska út- gáfan var keypt fyrir milli- göngu Alþjóðahúss. Þess má geta að óvenju margir nýbúar hófu mánið við skól- ann í haust eða 6 talsins, flestir Pólverjar. Frá þessu er greint í nýútkomnu frétt- blaði skólans.

– *thelma@bb.is*

Svona eiga sýslumenn að vera

Sæmd er hverri þjóð að eiga góða sýslumenn. Það er gömul saga og ný. Sýslumenn, sem jafnan eru líka lögreglustjórar, gegna því veigamikla hlut- verki að sjá til þess að líf lands- manna gangi fyrir sig í takt við það regluverk sem okkar ágæta Alþingi hefur sett. Afar mikilvægt er því að þessir borðalögðu embættismenn sinni starfi sínu af reglufestu og smámunasemi. Að öðrum kosti fer lausung skjótt að grass- era meðal þjóðarinnar. Í kjöl- farið munu vaða uppi glæpa- menn af ýmsum toga. Slíkt er skýrt feigðarmerki.

Því miður hafa sýslumenn Ísfirðinga verið misjafnir. Um stundir hafa setið þar menn sem beitt hafa valdi sínu mildi- lega eins og það er kallað. Þeir hafa, að sögn, viljað leysa hvers manns vanda. Allir vita hvaða afleiðingar hafa fylgt slíkum embættisfærslum. Skráð- um sakamálum hefur fækkað úr hófi og tekjur ríkisins hafa snarlækkað. Embættismenn af þessari gerðinni heyra sem betur fer til undantekninga. Í það minnsta á síðari árum.

Þeir hafa verið fleiri sem með stórfengleik sínum hafa fært embættið í hærri hæðir.

Skemmst er að minnst eins af þeim farsælli. Sá skar upp herör gegn ýmissri lausung. Um áraraðir höfðu brottfluttir Hornstrendingar leyft sér að halda til yfirgefna jarða sinna að sumri og stundað þar skefjalausan veiðipjófnað undir því yfirsíni að veitt væri til matar. Umræddur sýslumaður kallaði til flugher Landhelgisgæslunnar. Með leiftursókn úr lofti tókst að stöðva þennan ófögnuð. Sil- ungur Hornstranda geta síðan synt óáreitir um sjó og vötn. Eftir mikinn og góðan orðstí var að vonum sóst eftir kröft- um hans úr öðrum landshlut- um. Um síðir hélt hann á við áttur Suðurlands þar sem ferill hans tók breytingum sem um skipti á stakk væri. Hefur hann einnig tekið þar á stórum vandamálum. Á stuttum tíma hefur honum tekist að bjóða upp ranga sumarþústaði, hann hefur elt uppi stórhættulega erlenda verkamenn sem völs- uðu um héraðið, að vísu með

„Þegar þessi hálf- níráði glæpamaður fór ránshendi um Ísa- fjarðarhöfn tókst hafa hendur í hári hans og fletta ofan af óhæfu- verkum hans. Hafði hann þá þegar tekið eina af mestu skraut- fjöðrum hafnarinnar, fært hana á jörðina Hauganes, og brennt.“

leyfi yfirvalda. Hæstum hæð- um náði orðspor hans þá hann fletti ofan af svírðilegri til- raun til þess að setja upp rísa- stóra majónesdöllu við þjóð- veg einn í héraðinu. Með snar- ræði og nákvæmum mæling- um tókst sýslumanninum að koma í veg fyrir það óhæfu- verk.

Undanfarin ár hafa Ísfirð- ingar gengið óhræddir til hvílu. Haukfrán augu sýslu- manns þeirra hafa vakað yfir þeim og hvers kyns glæpa- starfsemi hefur verið kæfð í fæðingu. Hápunkti náði þessi embættisfærsla fyrir skömmu

þegar tókst að fletta ofan af skipulagðri glæpastarfsemi sem hafði grafið um sig í sex áratugi. Einn af borgurum bæjarins hafði stundað það að fara ránshendi um bæinn þeg- ar dró að áramótum. Helst ásældist hann ýmsa skraut- muni bæjarbúa. Sér í lagi ef munirnir voru úr timbri. Mun- ina brenndi hann um ármót og naut til þess aðstoðar margra vafasamra fyra. Svo slæm áhrif hafði þessi starf- semi á samborgara hans að þeir voru farnir að hópast að brennum þessum og syngja ýmsa miður fallega söngva og horfa á björgunarsveitir brenna fjármunum í líki flugelda.

Þegar þessi hálfníráði glæpa- maður fór ránshendi um Ísa- fjarðarhöfn tókst hafa hendur í hári hans og fletta ofan af óhæfuverkum hans. Hafði hann þá þegar tekið eina af mestu skrautfjöðrum hafnar- innar, fært hana á jörðina Hauganes, og brennt. Starf- semi mannsins hafði teyg- anga sína mjög víða og er tal- ið að sumir starfsmenn hafn- arinnar hafi aðstoðað hann við

glæpi sína. Með fumlausum vinnubrögðum, nákvæmri greiningarvinnu, framúrskar- andi opinberri stjórnsýslu og stefnufestu hefur sýslumaður og starfsmenn hans dregið manninn fyrir dómstóla. Grandvar og það sem kallað er friðsamur héraðsdómari gat að vísu ekki lesið úr ákæru hver glæpur mannsins var og vísaði því málinu frá. Með skjóttum hætti áfrýjaði sýslu- maður til Hæstaréttar sem tók málið fyrir örfáum dögum seinna. Hæstiréttur skipaði héraðsdómi að taka málið fyrir þannig að maðurinn hlýti makleg málagjöld. Bíða bæj- arbúar og vona að héraðsdóm- ur taki málið fyrir svo skjótt sem verða má. Það er sérstakt fagnaðarefni að lögregluvirk- völd og dómsvald skuli for- gangsráða. Mestu óhæfu- mönnunum skuli refsað fyrst. Því verða auðvitað smærri mál að bíða á meðan. Hvað munar um einn og einn sameiginlega verðlagðan olíulíttra á meðan slíkir menn sem bóndinn á Góustöðum ganga lausir.

Framganga sýslumanns



Halldór Jónsson.

Ísfirðinga í þessu máli hefur að vonum vakið athygli ráða- manna þjóðarinnar. Hefur hann því verið kallaður suður og stjórna nú hreyfingu syrgi- enda kalda stríðsins sem innan tíðar munu setja á laggirnar löngu tímabæra leynipjón-ustu, sem kæfa á í fæðingu óhæfuverk af ýmsu tagi. Þeir eru víða Góustaðabændurnir sem koma þarf á bak við lás og slá. Á meðan slíkir menn sitja sýslumannsembættin get- ur landslýður sofíð rótt.

– *Halldór Jónsson.*

– *Greinarhöfundur er læri- sveinn Sigurðar Sveinssonar á Góustöðum og hefur nú haldið úti heim til þess að breiða út fagnaðarerindið.*

Haldið upp á alþjóða geðheilbrigðisdaginn

Fjöldmenn var saman komið í Ísafjarðarkirkju í síðustu viku til þess að halda upp á alþjóða geðheilbrigðisdaginn. „Þetta var mjög einlægt og skemmtilegt. Það var nærri full kirkja og athöfnin var í messuformi svo að farið var með bæn og Gospelskórinn söng lög á milli ávarpa“, segir Svava Ingþórsdóttir, ein þeirra sem stóð fyrir því að haldið var upp á daginn á Ísafirði. Svava og Hörður Högnason, formaður Ísafjarðardeildar Rauða kross Íslands, fluttu erindi en að athöfn lokinni var haldið út að Polli þar sem fara átti fram kertafleyting til minningar um þá sem fallið hafa fyrir eigin hendi.

„Það var of hvasst til þess að við gætum haldið minning- arathöfnina svo að við ákváð- um frekar að bjóða fólki að taka kertin með sér heim og kveikja á þeim þar til minning- ar um þá sem fallið hafa fyrir eigin hendi“, segir Svava. Yf-

irskrift dagsins var að þessu sinni vaxandi vitund – aukin von. Markmið hans er að hvetja fólk til þess að standa saman til að efla við geðheilsu og þar með draga úr sjálfsvíg- um. Dagurinn hefur verið haldinn árlega hérlandis í fjölda ár en var þetta í fyrsta sinn sem haldið er upp á hann á Ísafirði svo vitað sé.

Það voru einstaklingar úr sjálfshjálparhópum Rauða krossins sem stóðu fyrir því dagurinn var haldinn hátíðleg- ur á Ísafirði. „Vinnuhópur sem myndaðist út frá geðhópum Rauða Krossins stóðu fyrir því að halda daginn, en hópurinn er fyrir þá sem vilja gera eitt- hvað í málunum“, segir Svava. Rauði krossinn styrkti athöfn- ina með því að útvega kertin í kertafleytinguna. Að sögn Svövu er ætlunin að halda aft- ur upp á daginn að ári liðnu í tengslum við það sem verður gert annars staðar á landinu.

– thelma@bb.is



Reynt var að halda kertafleytingu til minningar um þá sem fallið hafa fyrir eigin hendi.



Sr. Magnús Erlingsson var á meðal þátttakenda í athöfninni.

Gísli verðlaunaður í Þýskalandi

Einleikurinn Gísli Súrsson var verðlaunaður á alþjóðlegu leiklistarhátíð- inni Integra í Hannover í Þýskalandi. „Það er óhætt að segja að Gísli hafi verið vel tekið í sinni fyrstu utanlandsferð og fyrstu leikferð Kómedíuleikhúss- ins erlendis“, segir Elfar Logi Hannesson, eini leik- ari Gísla Súrssonar og meðhöfundur handritsins. Hátíðin var öll hin veg- legasta með fjölbreyttum sýningum frá Eistlandi, Lettlandi og Póllandi en Ísland var eini fulltrúi vestur Evrópu og var Gísli Súrsson eina íslenska sýn-

ingin. Sérstök dómnefnd skipuð leikhúsfólki í Evr- ópu rýndi í sýningarnar og á lokadegi hátíðarinnar gaf hún upp úrskurð sinn. Uppskeyra Kómedíuleik- hússins var heldur betur gleðileg því Gísli Súrsson fékk verðlaun fyrir besta handritið. Mikil spennna var þegar tilkynnt var um aðalverðlaunin sem voru fyrir bestu sýninguna. Valið stóð á milli tveggja sýninga Gísla okkar Súrssonar og Jak zjad'em psa, framlagi Pólverja. „Gísli varð því miður að lúta í lægra haldi en tæpt stóð það. Við erum samt ekkert

sárir yfir því og mjög sáttir við að koma heim með ein verðlaun í far- teskinu“, segir Elfar Logi. Leikurinn er byggður á Gísla sögu Súrssonar þar sem segir af Gísla og fjölskyldu hans, harmi, hefnd, ástum og útleög. Ýmsir efudust um hvernig til tækist að setja upp eina dádustu Íslendingasöguna í einleikjaform, en leik- urinn sló rækilega í gegn. Nú er þriðja leikrá Gísla Súrssonar að hefjast og ekkert lát er á vinsældum hans. – thelma@bb.is



Fyrsta utanlandsferð Gísla Súrssonar heppnaðist vel.

Nine-Elevens og 7o1 í sam- starf við Íslenska dansflokkinn

Ísfirski þungarokkssveitin Nine-Elevens mun flytur tón- listina í nýju dansverki Ís- lenska dansflokksins sem sett hefur verið á svið í Borgar- leikhúsinu. Verkið nefnist Hver um sig og er eftir þær Aðalheiði Halldórsdóttur og Valgerði Rúnarsdóttur, sem eru ungir og efnilegir dans- höfundar sem einnig starfa sem dansarar í Íslenska dans- flokknum. Tónlistin sem Nine-Elevens flytur er frumsamin af þeim bræðrum Jóhanni og Valdimari Jóhannsson, en eins

og kunnugt er Valdimar einn meðlima Nine-Elevens á með- an litli bróðir hans, Jóhann, er þekktur fyrir tölvutónlist sína undir heitinu 7o1.

Að sögn Valdimars kom þetta verkefni til þannig að danshöfundarnir villtust inn á tónleika með sveitinni og hrif- ust svo af áköfum leik þeirra pílta að þær ákváðu að kanna hvort ekki væri hægt að fá þá til samstarfs. „Ég var alveg geim í þetta“, segir Valdimar. „Og dró svo Jóa bróður með mér í þetta. Ég veit ekki hvort

ég myndi sjálfur þola heila leiksýningu af brútal metal, svo það er ágætt þetta sé svolítið blandað ljúfari tón- um“. Aðspurður segir Valdi- mar að þeir bræðurnir skipti tónlistinni ekki á milli sín heldur semji hana alfarið sam- an. „Jói er samt rafkallinn. Við gerum þetta svo dálítið undir áhrifum hver frá öðr- um.“ Þá segir Valdimar vinn- una við verkefnið hafa verið mjög skemmtilega. „Þetta var þrælskemmtilegt, dálítið frjáls- ara en ég á að venjast.“ Valdi-

mar tekur ekki fyrir það þegar gengið er á hann að hann gæti hugsað sér að fást frekar við vinnu af þessu tagi í framtíðinni.

Er hér um að ræða enn einn sigur ísfirskrar dægurtónlistar á landsvísi, en eins og sagt hefur verið frá eru ísfirskir tón- listarmenn sérstaklega áber- andi á Iceland Airwaves tón- listarhátíðinni, auk þess sem tímaritið The Reykjavík Grape- vine mun um svipað leyti halda sérstaka tónleika til að vegsama ísfirski tónlistar- menningu. – eirikur@bb.is

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
lögglitir fasteignasali

Guðmundur Óli Tryggvason
lögglitir fasteignasali

Rekstrarswift 8 • Ísafirði • Sími 488 3848
Faxi 488 4847 • Mætingar: algar@fasteignasala.is
Webbsíður: www.fasteignasala.is

160,5 m² einbýlishúsið á þremur pöllum með 20 m² leikvæðum hliðum. Eignin er mikil endurnýjuð.

19.990.000,-

Samtals 177 m² uppgerð einbýlishúsið á þremur hæðum, þar af er 50m² þagga í suðurbyggð skrifstofu sem hefur vaxið að lengd á 32 m².

18.500.000,-

138 m² stúdíótypeypt þróað og tvímennt hæðum, þrjú svæðis-herbergi og skrifstofa.

16.000.000,-

102 m² átta herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýli. Sérstök meðal samvægi og 20,8 m² hliðar.

11.700.000,-

130 m² stúdíótypeypt þróað og tvímennt hæðum, þrjú svæðis-herbergi og skrifstofa.

16.000.000,-

102 m² átta herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýli. Sérstök meðal samvægi og 20,8 m² hliðar.

11.700.000,-

138 m² stúdíótypeypt þróað og tvímennt hæðum, þrjú svæðis-herbergi og skrifstofa.

16.000.000,-

102 m² átta herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýli. Sérstök meðal samvægi og 20,8 m² hliðar.

11.700.000,-

138 m² stúdíótypeypt þróað og tvímennt hæðum, þrjú svæðis-herbergi og skrifstofa.

16.000.000,-

102 m² átta herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýli. Sérstök meðal samvægi og 20,8 m² hliðar.

11.700.000,-

138 m² stúdíótypeypt þróað og tvímennt hæðum, þrjú svæðis-herbergi og skrifstofa.

16.000.000,-

102 m² átta herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýli. Sérstök meðal samvægi og 20,8 m² hliðar.

11.700.000,-



Skeljungur vill setja upp eldsneytisgeyma á Ísafjarðarflugvelli.

Vilja setja upp eldsneytisgeyma fyrir flugvélaeldsneyti á Ísafjarðarflugvelli

Skeljungur hf. hefur óskað eftir framkvæmdaleyfi til að setja upp eldsneytisgeyma fyrir flugvélaeldsneyti á Ísafjarðarflugvelli. Með erindinu sendi Skeljungur bréf frá

Flugmálastjórn sem fram kemur að stjórnin hafi hvatt til þess að eldsneytistankar yrðu staðsettir á flugvöllum. Flugmálastjórn samþykkti staðsetninguna fyrir sitt leyti,

auk þess sem yfirverkfræðingur Brunamálastofnunar samþykkti hana með fyrirvara um að tankar, afgangsludælur og annar búnaður skuli búinn viðeigandi árekstrarvörn og

vera girtur af.

Einnig var gerður fyrirvari um að allur búnaður sem tengist geymunum og notkun þeirra skuli vera í samræmi við viðurkennda staðla á þessu

sviði og vottaður af til þess bær um aðilum. Umhverfisnefnd fjallaði um erindið á dögumum og lagði til að það yrði samþykkt ef Umhverfisstofnun samþykkir það.

Ísfirðingar drekka minna

Aukning var í sölu áfengis í líturum talið í vínþúðinni á Patreksfirði um tæp 2,3% fyrstu 9 mánuði ársins miðað við sömu mánuði í fyrra. Á sama tíma minnkaði sala í vínþúðinni á Ísafirði um tæp 0,4%.

Þess má geta að á síðasta ári seldist áfengi í vínþúðum ÁTVR á landinu öllu fyrir 13,1 milljarð króna, sem er 8,6% aukning frá árinu 2004. Vínþúðir á Vestfjörðum eru þrjár; á Ísafirði, Patreksfirði og fyrir tveimur árum var komið upp verslun á Hólma-vík.

Salóme Elín sinni ráðgjöf

Á fundi fræðslunefndar Ísa-fjarðarbæjar á dögumum voru lögð fram drög að samningi við Salóme Elínu Ingólfsdóttur þess efnis að hún sinni ráðgjöf og eftirliti við öll skólamötuneytin Ísafjarðarbæjar á yfirstandandi skólaári. Salóme er menntaður matvælafræðingur.

Mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði, sem opnaði fyrir um ári, er eins og gefur að skilja stærst og er rekið af SKG-veitingum. Eins og sagt hefur verið frá var nýlega ákveðið að samræma gjaldskrá milli mótuneyta grunnskólanna svo nú kostar stök máltíð kr. 295.

Nýr flygill vígður á minningartónleikum

Hinir árlegu minningartónleikar um hjónin Sigríði Jónsdóttur og Ragnar H. Ragnar verða haldnir í Hömrum kl. 16 á sunnudag. Tónleikarnir eru jafnframt vígslutónleikar hins nýja Steinway-flygils sem Tónlistarfélag Ísafjarðar keypti nýlega með tilstyrk Sunnukórsins, Rótarýklúbbs Ísafjarðar og fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja í bæjarfélaginu. Af því tilefni býður Tónlistarfélagið öllum Ísfirðingum og nærsveitarmönnum til þessara tónleika, sem eru hápunkturinn í menningarháttinum í Veturnóttum. Á tónleikumun mun Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanóleikari, dóttir Ragnars og Sigríðar, flytja fjölbreytta og aðgengilega dagskrá. Fluttar verða sönötur eftir Beethoven, Scarlatti og Ísfirðinginn Jónas Tómasson, verk eftir franska tónskáldið Messiaen, nokkur af hinum þekktu ljóðrænu lögum Edvards Grieg og loks hinn dádá Chopin.

Tónleikarnir verða eins og áður sagði helgaðir minningu foreldra Önnu Áslaugar, þeim Sigríði Jónsdóttur og Ragnari H. Ragnar en þau voru í forystu fyrir tónlistarlífi Ísfirðinga um áratuga skeið. Vakti framsækið og metnaðarfullt starf þeirra athygli um allt land og út fyrir landsteinana og hafa minningartónleikar um þau verið árlegur viðburður



Fjölskyldumynd frá árinu 1987. Anna Áslaug Ragnarsdóttir, Hjálmar H. Ragnarsson, Sigríður Jónsdóttir og Ragnar H. Ragnar.

frá árinu 1988.

Ragnar stjórnaði Tónlistarskóla Ísafjarðar frá stofnun hans árið 1948 til ársins 1984 og naut til þess ómældrar aðstoðar Sigríðar. Undir þeirra stjórn varð skólinn öflug menningarstofnun, landsþekktur fyrir góða kennslu og kraftmikla stjórn við erfiðar aðstæður. Ragnar var einnig organisti Ísafjarðarkirkju og stjórnaði Sunnukórnum og Karlakór Ísafjarðar um áratuga skeið. Sigríður kenndi

við Tónlistarskólann, en var jafnframt einn ástsælasti kennari Grunnskólans, auk þess sem hún var virk í félagslífi á ýmsum sviðum. Ragnar lést um jólnin 1987, en Sigríður féll frá í mars 1993.

Anna Áslaug Ragnarsdóttir stundaði frá unga aldri tónlistarnám hjá föður sínum, Ragnari H. Ragnar, við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Þaðan fór hún til Reykjavíkur og settist í Menntaskólann í Reykjavík, en stundaði jafnframt nám

við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Árni Kristjánsson var aðalkennari hennar. Vorið 1967 lauk hún einleikaraprófi í píanóleik frá Tónlistarskólannum. Á næstu árum stundaði Anna Áslaug framhaldsnám í Bretlandi, á Ítalíu og í Þýskalandi og að námi loknu settist hún að í München og hefur verið búsett þar síðan.

Anna Áslaug hefur víða komið fram sem einleikari, meðleikari og í kammertónlist hérlandis sem erlendis. Hún

hefur m.a. nokkrum sinnum leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Tónskáldafélag Íslands hefur gefið út hljómplötu þar sem Anna Áslaug leikur íslenska píanótónlist.

Fyrir nokkrum árum dró Anna Áslaug sig í hlé frá tónleikahaldi, en á síðustu árum hefur hún komið fram allvíða, í kammertónlist, sem meðleikari með ljóðasöng og sem einleikari.

– thelma@bb.is

Sandlóukarl sést í Afríku

Bolvískur sandlóukarl sást í Afríku um miðjan ágúst. Hann var litmerktur í sumar á æfingasvæði golfvallarins í Bolungarvík. Þrátt fyrir ýmsar þær hættur sem leynast því að verpa á æfingasvæðinu, náði fuglinn að koma upp fjórum ungum. Hann sást síðast í Bolungarvík 22. júlí.

Hollendingur að nafni Jutta Leyrer sá síðan fuglinn 15. ágúst í Maruitania í V-Afríku þegar hún var að rannsaka rauðbrystinga í sambandi við doktorsverkefnið sitt.

Kynning í nóvember

Til stendur að halda kynningarfund um fyrirhugaðan snjóflóðavarnargærd í Bolungarvík þriðjudaginn 7. nóvember nk. Að því er fram kemur í nýlegri fundargerð bæjarráðs er stefnt að því að teikningar og önnur samþættilgögn í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir verði komið upp til sýnis í Ráðhúsi Bolungarvíkur helgina 3. til 5. nóvember.

Á vef Framkvæmdasýslunnar er snjóflóðavarnargærdur í Bolungarvík merktur „undir áætlanagerð“, en samkvæmt upplýsingum Bolungarvíkur frá Framkvæmdasýslu ríkisins er stefnt að því að garðurinn fari í útboð sumarið 2007.

Ásdís tekur þátt í Ungfrú Evrópa

Ísfirðingurinn Ásdís Svava Hallgrímsdóttir verður fulltrúi Íslands í keppninni Ungfrú Evrópa sem fram fer í Kiev 27. október. Ásdís Svava, sem er nýkomin frá Varsjá í Póllandi þar sem hún tók þátt í keppninni Ungfrú heimur, hélt til Kænugarðs á laugardag. Þar sem hún keppir við tæplega 40 stúlkur úr Evrópu um titilinn Ungfrú Evrópa 2006.



Ásdís Svava Hallgrímsdóttir.

lystisemda Úkraínu á undirbúningstímanum, gista á glæsilegu fimm stjörnu hóteli í miðborg Kiev

sem búið er öllum hugsanlegum þægindum. Þess má geta að meðal dómara í keppninni er tískuhönnuðurinn Roberto Cavalli.

Þess má til gamans bæta við að ísfirski gullsmiðurinn Dýrfinna Torfadóttir hefur smíðað skart við flesta síðkjóla Ásdísar sem hún notaði í keppninni um titilinn Ungfrú heimur. „Mér finnst líka svo gaman að vera með skart frá henni því þá veit ég að enginn er með eins og ég“, segir Ásdís jafnframt á blogginu sínu.

– thelma@bb.is



Guðný Björk Óðinsdóttir (í rauðu) hefur slegið í gegn í fótboltnum.

Ísfirðingur lék með öllum landsliðunum á rúmu ári

Ísfirski knattspyrnukonan Guðný Björk Óðinsdóttir hefur vakið mikla athygli að undanförmu fyrir árangur sinn í fótboltnum. Guðný lék með meistaraliði Vals sem vann Íslandsmeistaratilinn í Landsbankadeildinni í sumar og var hún valin efnilegasti leikmaðurinn í kvennaflokki. Einnig náði hún þeim einstaka árangri í sumar að leika með öllum landsliðum Íslands á rétt rúmu ári. Fyrsta landsleik sinn lék hún með U-17 liðinu í Noregi í júlí í fyrra og í júní á þessu ári lék hún fyrsta A-landsleikinn með Íslandi gegn Portúgal auk þess lék hún með U-19 og U-21 árs liðinu á árinu. Fyrir ættfræðipyrsta má geta þess að Guðný Björk er dóttir Óðins Baldurssonar (Geirmundssonar) og Hildar Guðmundsdóttur.

– thelma@bb.is

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030

1 kr. aðra leiðina + 739 kr.
(flugvæðarskattur og tryggingargjald)

Þetta einstaka tilboðslargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 2 - 11 ára í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir 16. okt. - 6. nóv.
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is
- bókanlegt frá 13. október

Fáðu flugið

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

mannlíf

Ábendingar um efni sendist til Thelmu
Hjaltadóttur, thelma@bb.is
sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn
19. okt., 294. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1918 barst Spænska veikin til lands-
ins með tveimur skipum, öðru frá Kaupmannahöfn og
hinu frá New York. Í þessari skæðu flensu létust á
fimmta hundrað manns.

Pennan dag árið 1965 kom fyrsta plata hljómsveitar
Ingimars Eyðals út. Á plötunni voru fjögur lög.

Pennan dag árið 1969 var stytta af Ólafi Thors, for-
sætisráðherra afhjúpuð framan við Ráðherrabústað-
inn við Tjörnina í Reykjavík þegar aldarfjórðungur var
frá því að nýsköpunarstjórnin var myndið.

Pennan dag árið 1994 kom Guðbjörg ÍS, fullkomnasta
skipið í íslenska flotanum, til Ísafjarðar. Það kostaði
1,5 milljarð króna.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

Á þessum degi fyrir 20 árum



Flugklúbbur stofnaður

Áhugamannaklúbbur um flugmál var stofnaður á Ísafirði 18. október. Helstu verkefni hans eru þessi: Að stuðla að aukinni þekkingu flugáhugamanna á því sem flug- og flugöryggi varðar, að standa fyrir árlegum flugdegi á Ísa- firði, og að halda ýmis konar keppni til undirbúnings þátt- tóku í vélflugi. Eins og menn hafa eflaust tekið hefur mik- ill flugáhugi gripið um sig á Ísafirði í sumar og haust, og hefur Flugskóli Akureyrar rekið flugkennslu í samvinnu við heimamenn. Bráðabirgðastjórn var kosin á fundinum og skal hún vinna að undirbúningi og uppbyggingu klúbbsins fram að fyrsta aðalfundi hans sem verður í jan- úar 1987. [...] Á stofnfundinn voru mættir um 20 manns og kom þar ýmislegt fróðlegt fram sem vert væri að vinna að. Meðal annars er mikill áhugi fyrir því að klúbburinn kaupi flugvél til afnota fyrir félaga sína.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Ákveðin norðaustanátt með dálítilli slyddu eða rign-
ingu norðan- og austanlands en annars úrkomulítið.

Horfur á laugardag:
Ákveðin norðaustanátt með dálítilli slyddu eða rign-
ingu norðan- og austanlands en annars úrkomulítið.

Horfur á sunnudag:
Ákveðin norðaustanátt með dálítilli slyddu eða rign-
ingu norðan- og austanlands en annars úrkomulítið.

Horfur á mánudag:
Ákveðin norðaustanátt með dálítilli slyddu.

Spurning vikunnar

Hvaða leið viltu að farin verði við
jarðgangagerð um Óshlíð?

Alls svöruðu 1.026. – Syðridalur/Ísafjörður sögðu 585
eða 57% – Syðridalur/Hnífsdalur sögðu 378 eða 37% –
Veggöng undir Óshyrnu sögðu 63 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Benedikt Sigurðsson, yfirþjálfari Sundfélagsins Vestra

Algjör sprengja í iðkendafjölda

„Mikil fjölgun hefur verið í haust og í rauninni hefur verið bætt við einum hópi og þurft að vísa frá fullt af krökkum, allt frá sundskóla og upp í fullorðna, einfaldlega af því laugin er of lítil. Það er því fullt að gerast á Ísafirði og alveg sorglegt að ekki geti allir sem vilja tekið þátt. Oft er það þannig félagar þeirra sem æfa vilja líka komast að en þá þarf að vísa þeim frá. Frá því í enda ágúst hefur verið alger sprengja hvað iðkendafjöldi varðar svo er þetta bara spurning um hvernig best er að vinna úr því. Það verður mikil vinna. Búið að troðfylla alla hópa svo að það er orðið frekar þröngt í lauginni. Í enda nóvember förum við með átta manna hóp á Íslandsmótið en til þess að komast á það þarf að ná lágmark. Svo það er mjög gott að ná því. Árangurinn fylgir félagsskapnum, ef það er stemmning í hópnum er keppnisandinn meiri. Þó maður væri með 3 þjálfara á bakkanum og þrjá krakka í lauginni þá næðist ekki sami árangur og næst með fjölmennum og góðum hópi.“



Frá síðasta Vísindaporti þar sem Ólína Þorvarðardóttir fjallaði um galdramál.

Vísindi fyrir alla í Vísindaporti

Á vorönn 2006 hóf göngu sína í Háskólasetri Vestfjarða svokallað Vísindaport. Vís- indaportið er hugsað sem óformlegur vettvangur fyrir fræðimenn á svæðinu til að kynna sín verkefni og rann- sóknir fyrir kollegum á svæð- inu sem og öllum öðrum sem áhuga gætu haft á málefnum. Hugmyndin var sú að hér væri um að ræða stuttan fyrirlestur eða spjall þar sem allir gætu hlustað og haft gagn og gaman af, þ.e. vísindin matreið á mannamáli, fyrir alla. Til þess að hafa létt yfir þessu og þann- ig að sem flestir gætu mætt var ákveðið að hafa fyrirlestr- ana í hádeginu á hverjum föstudegi og þá gæti fólk haft

með sér nesti til að borða á meðan á fyrirlestrinum stæði, eða keypt sér samlokur í Há- skólasetrinu. Þannig er matar- tíminn nýttur á tvennan hátt, til að matast og til að fræðast um starf vísinda- og fræði- manna. Ætlunin var bæði að stuðla að því að fræðimenn vissu hvað kollegar þeirra væru að starfa við og opna þannig akademískt umhverfi á milli fræðimanna en einnig að opna akademískt umhverfi fyrir almenningsi.

Fyrsta Vísindaportið var haldið í mars og var það Harpa Grímsdóttir, forstöðumaður Snjóflóðaseturs Veðurstofu Íslands, sem reið á vaðið. Síð- an tók hver fyrirlesturinn við

af öðrum á hverjum föstudegi og á vorönn 2006 voru samtals 8 fræðimenn af hinum ýmsu fræðasviðum með fyrirlestra í Vísindaportinu. Fyrirlesar- arnir voru ekki allir frá Vest- fjörðum, því einn þeirra kom frá Háskóla Íslands, dr. Guð- rún Nordal, og einn kom alla leið frá háskóla í New York í Bandaríkjunum, dr. Alan Ro- land. Þannig er reynt að nýta tækifærin sem bjóðast og bjóða til Ísafjarðar áhugaverð- um fyrirlesurum til að hafa efnid á sem breiðustum grund- velli.

Vísindaportið hefur mælst mjög vel fyrir og hefur mæt- ingin oftast verið mjög góð. Áberandi best hefur mætingin

verið á fyrirlestra um sjávarút- vegsmál og því nokkuð ljóst að það er það málefni sem brennur á mörgum Vestfirð- ingum og flestir hafa áhuga á að fræðast meira um störf fræðimanna í þeim mála- flokki. Vísindaportið hóf göngu sína aftur þann 8. sept- ember eftir gott sumarfrí og hafa verið mjög fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar það sem af er haustönn. Vonast er til að sem flestir finni eitthvað áhugavert í Vísindaportinu. Upplýsingar um eldri Vísinda- port er að finna á heimasíðu Háskólasetsins, www.hsvest.is og þar eru einnig settar inn tilkynningar vikulega um næsta Vísindaport.

Viðburðaríkur glímuvetur

Alþjóðlegt glímumót kvenna verður haldið í fyrsta sinn á Ísafirði í maí og er það í fyrsta sinn sem slíkt mót fer fram á landinu. Íþróttafélagið Hörður sér um undirbúning mótsins og er því viðburðaríkur vetur framundan hjá glímudeild fél- lagsins. Í lok október fara sex Harðarmenn til æfinga í Reyk- javík með úrvalshópi Glímu- sambands Íslands. 29. október munu glímumenn Harðar síðan keppa í Icelandair Open sem er fyrsta alþjóðlega glímu- mótið í Reykjavík. Í nóvember hefst Meistaramót Íslands og Sveitaglíma Íslands en þar hafa Harðarmenn titil að verja. Bæði mótin fara fram í þremur

umferðum og mun síðasta um- ferð meistaramótsins fara fram á Ísafirði í mars.

Í mars á næsta ári fer fram grunnskólamót Glímusam- bands Íslands í Reykjavík þar sem keppendur frá Herði og Grunnskólanum á Ísafirði taka þátt. Auk þess er ýmislegt á dagskrá hjá vestfirsku glímu-

köppnum á heimaslóðum og má þar nefna Prastarglímu Harðar, maraþonglímu yngri flokka, dómaranámskeið og Vestfjarðabeltið. Þessi forna íþrótt hefur aukið mjög fylgi sitt á norðanverðum Vest- fjörðum eftir að íþróttafélagið Hörður stofnaði glímudeild á síðasta ári.

● **Borgin mín** · Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi

Stórborg sem hefur allt til alls



„London er uppáhaldsborgin mín. Stórborg sem gaman er að heimsækja og hefur allt til alls. Þar er hægt að fá góðan mat, hvort sem það er finnn matur eða venjulegur matur og farið tónleika. Það eru ýmsir góðir staðir til að sækja tónleika í London en rokk 7. áratugarins átti rætur sínar að rekja þaðan. Ég er líka mjög hrifinn af neðanjarðarlestarkerfinu, en það er afskaplega þægilegur samgöngumáti sem kemur manni hvert sem maður vill komast. Ég hef oft komið til London en aðeins tvisvar á þessu ári en fjórum sinnum árið á undan.“



● **Orðrétt af netinu** · www.grimuratlason.hexia.net

Bíó

Mogginn er svo rausnarlegur að bjóða áskrifendum sínum 2 fyrir 1 í bíó næstu mánudaga í Smárabíó. Það kemur sér svei mér vel fyrir okkur Helgu Völu – tjá og alla hina sem ekki búa í 100 km radius við Reykjavík. Ekki nóg með að blaðið kemur til mín kl. 16 (ef það er flogið) heldur fæ ég að fljúga suður til að komast í bíó. Við erum alveg ótrúlega heppin. Davinsýlkillinn var ágæta svona heimildarmynd. Mér leiddist ekki að horfa en þegar myndin var búin fattaði ég að spennan og hughrifin svo svona meira heimildarmyndarleg heldur en spennu-myndarleg.

NMÍ og Flass FM hefja samstarf

Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði undirritaði á dögunum samstarfssamning við útvarpsstöðina Flass FM. Samningurinn felur í sér að NMÍ mun útvarpa á tíðni Flass FM í nokkra klukkutíma á dag. Vonir standa til að samstarfið verði til þess að efla félagslífið í skólanum. Og hver veit, ef til vill mun það gefa upprennandi útvarpsstjórnun tækifæri á að stíga sín fyrst skref á sinni framabrat. „Við fáum að senda út efni í um fjóra tíma á dag en þess á milli eru útsendingar Flass. Við sjáum um auglýsingar fyrir svæðis-útvarpið okkar sem mun vera góð fjárfesting sem við getum nýtt í að gera eitthvað skemmtilegt“, segir Guðgeir Arngrímsson formaður NMÍ.

– Hvernig efni ætlið þið að bjóða upp á?

„Einhverjir nemendur skólans munu taka að sér að sjá um dagskrána fjóra tíma á dag, fimm daga vikunnar. Við munum allavega byrja þannig og sjá svo hvernig þetta gengur, hvort við munum bæta við

okkur eða hvað við gerum“, segir Gunnar Atli Gunnarsson, menningarviti NMÍ.

– Gildi samningurinn út skólaárið eða lengur?

„Jú, alveg til frambúðar ef þetta gengur vel. Flass er komið til að vera og svo lengi sem einhver vill hlusta á okkur þá erum við til“, segir Guðgeir.

– Nú hefur ekki verið menntaskólaútvarp nema Mí-flugan sem er útvarpað í eina viku ár yfir Sólrishátíðina, mun þetta koma í staðinn fyrir Mí-fluguna?

„Nei, en ætli við reynum ekki að sameina þetta einhvern veginn. Það kemur í ljós þegar þar að kemur“, segir Gunnar Atli.

– Hin nýja útvarpsstöð hefur fengið húsnæði niður við höfn á Ísafirði og eru uppi hugmyndir að það muni einnig þjóna sem nokkurs konar félagsmiðstöð.

„Við viljum þakka Halldóri bæjarstjóra og bænum fyrir að útvega okkur þetta húsnæði, þetta er alveg frá-



Guðgeir Arngrímsson formaður NMÍ, Birgir Fannar Pétursson starfsmaður Flass FM og Gunnar Atli Gunnarsson menningarviti NMÍ við undirritunina í síðustu viku.

bært“, segir Gunnar Atli.

Flass FM bauð NMÍ tækifæri til þess að starfa saman á þennan hátt og tók stjórn félagsins strax vel í það. Nemandur Menntaskólans á Ísafirði eru þó ekki einu ungmenninn sem fá að spreyta sig að flytja

efni á öldum ljósvakans fyrir tilstuðlan Flass FM því útvarpstöðin hyggst fara út um allt land og fá framhaldsskólanema til liðs við sig.

„Okkur líst mjög vel á þetta“, segir Birgir Fannar Pétursson hjá Flass FM, „Við

erum líka að semja við nemendafélagið í Vestmannaeyjum og ætlum líka að bjóða upp á þetta á höfuðborgarsvæðinu og svo á Akureyri í næsta mánuði. Við ætlum að fara út um allt land en geymum Austurlandið aðeins.“

● **Stuttar fréttir**

Hafnað um styrk

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur hafnað umsókn Neytendasamtakanna um styrk að upphæð 73.944 krónur, og er þar miðað við 18 krónur á íbúa miðað við 1. desember 2005. Í bréfi samtakanna segir m.a.: „Hluti af starfsemi Neytendasamtakanna er samfélagslegt starf sem eðlilegt er að opinberir aðilar greiði. Þar má nefna leiðbeininga- og kvörtunarbjónustu sem Neytendasamtökin reka. Þar geta neytendur fengið leiðbeiningar um lagalegan rétt sinn í neytendakaupum og fengið aðstoð til að ná honum geti þeir það ekki sjálfir. Rekstur þessarar bjónustu kostar rúmlega 15 milljónir króna en framlag úr ríkissjóði er ekki nema 10 milljónir króna“.

Konur í meirihluta í stjórn

Hlynur Kristjánsson var kjörinn formaður Fylkis, félags ungra sjálfstæðismanna á Ísafirði á aðalfundi félagsins sem haldinn var fyrir stuttu. Aðrir í nýrri stjórn Fylkis eru Hafdís Gunnarsdóttir varaformaður, Helga Margrét Marsellíusardóttir ritari, María Rut Kristinsdóttir gjaldkeri og Guðný Stefánía Stefánsdóttir útgáfustjóri. Varamenn í stjórninni eru þeir Teitur Björn Einarsson og Þorlákur Ragnarsson. Í stjórn málaályktun félagsins var m.a. góðri kosningu Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum fagnað og ungar sjálfstæðismenn hvattir til að gefa kost á sér á lista flokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.

Nagladekk

Til sölu eru fjögur 14" nagladekk á felgum undan Subaru. Upplýsingar í síma 456 3163.

28 ára ísfirsk móðir var komin í vítahring í sambandafíkn

Reynslusporin 12 hafa hjálpað fjölmörgum til að ná betri tökum á lífi sínu í gegnum tíðina. Kynningarfundir um sporin 12 verða haldnir í Holti í Öfundarfirði í kvöld og næsta fimmtudag kl. 20. Af því tilefni barst Bæjarins besta grein frá ungri konu um reynslu hennar af sporunum 12, en þar sem 100% trúnaði er heitið á fundunum er grein hennar nafnlaus.

„Ha? Ég á sporafund? Er það ekki svona AA-fundur? En ég drekk lítið sem ekkert, þannig að ég get þá varla talist alkóhólisti. Og ekki get ég heldur talist aðstandandi, þá hef ég ekki mikið þangað að sækja.“

Svona setningar ómuðu inni í höfðinu á mér þegar mér var boðið að koma á kynningarfund um sporin 12. Ég ákvað þó að slá til og fara, þó ég ætti varla mikið erindi þangað.

Þegar ég mætti á staðinn, sat fólkið saman í hring og einn las upp úr bók. Ég fékk ljósrituð blöð úr bókinni, rétt eins og hin. Ég var varla búin að vera þarna í fimm mínútur þegar texti um svokallað „Alþengt hegðunarmynstur“ var lesinn upp. Þar er komið inn á sjálfsmyndina og hvernig fólk hættir til að bregðast við í hinum ýmsu aðstæðum, þá oftan er ekki á neikvæðan hátt. Ég fann að ég varð bæði mjög hissa og skelfingu lostin í senn! Þetta passaði nefnilega svo vel við mig, að það var engu líkara en verið væri að fjalla um mig þarna í bókinni. Á þessum tímupunkti snarþreittist afstaða mín. Þetta var þá líka fyrir fólk eins og mig, fólk með lélega og brotna sjálfsmýnd.

Ég fór í gegnum öll 12 sporin á nokkrum mánuðum. Stuttu síðar komst ég svo að

því, að ég væri haldin ákveðinni fíkn sem ég hafði ekki einu sinni hugmynd um að væri til. Það var enginn sem sagði mér það, heldur trúi ég að ég hafi verið leidd áfram af guði. En sú fíkn nefnist sambandafíkn. Ég bara áttáði mig allt í einu á því ég væri komin í vítahring. Mér fannst ég „þurfa“ að vera í sambandi til að líða vel, svo lífið hefði tilgang. Það er samt svo eðlilegt að vera í sambandi eða þrá slíkt. En þegar fólk er farið að skilgreina sjálft sig út frá sambandinu, eða ætlast til að sambandið veiti því alla þá hamingju sem völ er á, er það komið út á mjög hálan ís.

Í fyrsta sporinu viðurkennum við mátt okkar gagnvart fíkninni og finnum að okkur er orðið um megn að stjórna eigin lífi. Við sem sagt gefumst upp. Í því næsta förum við að trúa að það sé til æðri máttur

sem geti hjálpað okkur og gert okkur andlega heil að nýju. Í þriðja sporinu tökum við ákvörðun um að afhenda Guði/æðri mátti líf okkar. Svo höldum við áfram þar til öll sporin eru búin, en allt þetta ferli tekur einhverja mánuði. Það krefst bæði tíma og þolinmæði að vinna þá vinnu sem 12 sporin útheimta. Þó ég sé búin með sporin er ég enn að vinna í sjálfri mér.

Lífið er ekkert alltaf létt, en það má líta á 12 sem nokkurs kringumstæðum sem ég áður fyrr túlkaði sem vonlausar, finnst mér nú mun auðveldara að sjá hlutina í jákvæðara samhengi. Þetta fékk mig til þess að kynnast sjálfri mér á nýjan og betri hátt og ég er að læra að meta sjálfa mig betur og eins aðra í kringum mig. Ég fékk líka að kynnast því að það er til Guð og hann er kær-

leiksríkur og vill hjálpa manni. Ég trúði alveg á Guð áður, en ég var búin að mynda mér þá skoðun að hann hlýti að vilja stöðugt refsa mér fyrir allt það slæma sen ég hafði gert af mér í lífinu. Þvílík frelsistilfinning að finna að ég hafði algjörlega á röngu að standa þar. Það eru líka til fleiri gerðir af fíknunum. Eins og til dæmis spilafíkn, matarfíkn, kynlífsfíkn, útlitsdýrkun og fleira. Sporin eru einnig gagnleg þeim sem gengið hafa í gegnum áföll og sorg af ýmsu tagi, eða þá sem hafa átt erfið uppdráttar í lífinu á einhvern hátt.

Ég hvet ykkur, kærur vinir, til að skoða hug ykkar hvort 12 sporin séu eitthvað fyrir ykkur. Og enn fremur hvet ég ykkur til að koma á kynningarfund til að kanna það með ykkar eigin augum og eyrum. Ég get lofað ykkur að þið sjáið aldrei eftir því.“



Jarðrask á skíðasvæði án framkvæmdaleyfis

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar lagði á dögunum fram fyrirspurn um jarðvegsframkvæmdir þar sem nú fara fram á skíðasvæði Ísfirðinga, en ekki hafði verið veitt framkvæmdaleyfi vegna þeirra. Umhverfisnefnd fór fram á það í bókun sinni að ekki yrði ráðist í framkvæmdir í framtíðinni fyrr en tilskilin framkvæmdaleyfi hafa verið veitt, og enn fremur að allar þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið og munu verða gerðar á skíðasvæðinu verði kynntar umhverfisnefnd. Framkvæmdirnar á skíðasvæðinu miða að því að bæta aðstöðuna fyrir komandi vetur.

Meðal annars er verið að

setja upp snjósöfnunargirðingu á vegum Skíðafélags Ísfirðinga og lýsingu á skíðasvæðið í Tungudal. Þá hefur jarðvegur verið lagaður til þess að móta brautir og betrumbæta skíðaleiðir. Auk þess hefur verið komið upp hreinlætisaðstöðu við lyftu- og tímatökúhúsið á Miðfells-svæðinu.

Þá fara fram endurbætur á gönguskíðasvæðinu á Seljalandsdal en þar hefur nú þegar verið komið upp snjósöfnunargirðingu og lýsingu sem hefur verið mjög mikið nýtt þegar rökkva tekur. Nokkuð jarðrask hefur orðið á því svæði þar sem brautir hafa verið mótaðar, en nokkuð hef-



Sækja þarf um leyfi til jarðvegsframkvæmda á borð við þessa

ur verið sáð í sárin. Fyrirhugað er að sáning fari fram á Miðfells-svæðinu að hluta í haust og næsta vor. Framkvæmdirnar hafa staðið yfir í sumar

og haust og stefnt er að því að þeim ljúki í nóvember.

Kostnaður við framkvæmdirnar í ár er um 10 milljónir króna en drjúgur hluti þess er

fenginn frá framlögum, gjöfum og styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum, fjárveitingarnefnd Alþingis, Ísafjarðarbæ og Skíðafélagi Ísafjarðar

sem hefur verið driffjöðurin í að hrinda framkvæmdunum af stað. Fyrirhugað er halda áfram endurbótunum á næsta ári ef fjármagn fæst.



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Vilja taka 106 milljóna króna lán

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að tekið verði 106 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 16 ára. Til tryggingar lánu standa tekjur sveitarfélagsins og er lánið tekið til að fjármagna fjárfestingar ársins.

Jafnframt lagði bæjarráð

til að Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánssamninginn við Lánasjóð sveitarfélaga sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrir-mæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni.

– eirikur@bb.is

Ekki verður ákært í máli sem varðar orkuþjófnað

Eins og sagt hefur verið frá hóf lögreglan á Ísafirði rannsókn á meintum orkuþjófnaði í ágúst. Rannsókn málsins lauk í byrjun september og var málið þá sent ríkissaksóknara til ákvörðunar, eins og lög gera ráð fyrir. Talið er að þjófnaðurinn hafi farið þannig fram að rafmagn var tengt var framhjá mæli í einbýlishúsi á Ísafirði. Að sögn lögreglunnar var stuldurinn ekki í stórum mæli en hann er litinn alvarlegum augum eins og allir aðrir þjófnaðir. Ríkissaksóknari tók í vikunni ákvörðun um að málinu sé lokið og segir í niðurstöðu sinni: „Eins og rannsóknargögnum er háttað þykir það sem fram er komið ekki nægi-



Orkubú Vestfjarða.

legt eða líklegt til sakfellis á hendur kærðu í sakamáli og var því ákveðið að láta við svo búið standa. [...]”

Ekki er algengt að slík mál komi inn á borð lögreglunnar. Málið var kært í kjölfar þess að starfsmenn Orkubús ins

uppgötvuðu að frágangur við rafmagnstöflu í húsinu var ekki með felldu og báðu lögreglu að staðfesta að svo væri.

Í byrjun desember mun BB gefa út sérblaðið „Á aðventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt aðventu og jólum.

Á aðventunni

Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu.

